



# Efling framhaldsskóla Sviðsmynd 1 Menntaskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri

**Útgefandi:**

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Efling framhaldsskóla – Sviðsmynd 1: Menntaskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri

September 2023

[mrn@mrn.is](mailto:mrn@mrn.is)

[www.mrn.is](http://www.mrn.is)

# Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>5</b>
<b>1. Inngangur</b> .....	<b>7</b>
1.1 Samráð.....	7
<b>2. Forsendur verkefnisins</b> .....	<b>10</b>
2.1 Menntastefna 2030 og farsældarlögin.....	10
2.2 Efling iðn- og starfsnáms.....	10
2.3 Þróun nemendafjölda í framhaldsskólum.....	12
2.3.1 Spá um þróun nemendafjölda í framhaldsskólum 2023–2033.....	12
2.3.2 Breyting á samsetningu nemenda og húsnæðisþörf.....	14
2.4 Fjármögnun framhaldsskólakerfisins.....	16
2.4.1 Áhrif á fjármögnun kennslunnar.....	16
2.4.2 Um rekstur framhaldsskóla.....	16
2.5 Endurskipulagning og uppbygging framhaldsskólastigsins.....	19
2.5.1 Þróun framhaldsskólastigsins.....	19
2.5.2 Listdans og tónlist á framhaldsskólastigi.....	19
2.5.3 Uppbygging Garðyrkjustólans að Reykjum.....	19
2.5.4 Raunfærnimat.....	19
2.5.5 Fjölgun nemenda í heilbrigðisgreinum.....	20
2.5.6 Fjölgun starfsmenntakennara.....	20
2.5.7 Aukin framlög í vinnustaðanámssjóð.....	20
2.5.8 Starfsnám fyrir fanga.....	20
2.5.9 Aukinn stuðningur við námsgagnagerð.....	20
2.5.10 Aukin þjónusta við NEET-hópinn 16–18 ára.....	21
2.5.11 Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.....	21

2.5.12	Lækkun kostnaðar nemenda vegna námsgagna .....	21
2.5.13	Aukin stuðningur við nemendur á framhaldsskólastigi.....	22
2.5.14	Samantekt.....	22
2.6	Verkefni ráðgjafarfirmakerja .....	23
2.7	Menntastefna 2030 – hvaða þýðingu hefur hún fyrir starfsemi framhaldsskólans? .....	24
2.8	Fýsileikakönnun .....	25
2.9	Mat stýrihópsins .....	26
2.9.1	Menntastefnan .....	26
<b>3.</b>	<b>Menntaskólinn á Akureyri .....</b>	<b>27</b>
3.1	Sérstaða.....	28
<b>4.</b>	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri .....</b>	<b>29</b>
4.1	Sérstaða.....	30
<b>5.</b>	<b>Niðurstöður stöðumatsins .....</b>	<b>31</b>
<b>6.</b>	<b>Niðurstöður könnunar ráðgjafarfirmakeris.....</b>	<b>32</b>
6.1	Rekstrarhorfur skólanna án sameiningar miðað við óbreyttan nemendafjölda og áhrif breytinga á nemendafjölda í samræmi við spá mennta- og barnamálaráðuneytisins.....	32
6.2	Samlegð af sameiningu skólanna í eina stofnun .....	33
6.3	Samantekt um ábata af sameiningu skólanna.....	33
<b>7.</b>	<b>Mat stýrihópsins og tillögur.....</b>	<b>34</b>
<b>8.</b>	<b>Niðurstöður .....</b>	<b>37</b>
8.1	Óbreytt ástand.....	37
8.2	Sameining.....	37
<b>9.</b>	<b>Víðauki – fylgiskjöl .....</b>	<b>38</b>

# Útdráttur

Stýrihópur mennta- og barnamálaráðherra um eflingu framhaldsskóla hefur unnið tillögur að aðgerðum til að mæta þeim áskorunum sem framhaldsskólakerfið stendur frammi fyrir til að ná fram markmiðum menntastefnu stjórnvalda til 2030. Menntastefnan leggur ríka áherslu á að tryggja öllum nemendum tækifæri til þess að þroskast og dafna á eigin forsendum og að öll geti lært og öll skipti máli.

Helstu áskoranir í þessu samhengi eru:

## 1. Aukin ásókn í iðn- og starfsnám

450 umsækjendum um iðn-, og starfsnám var hafnað haustið 2022 vegna ónógrar aðstöðu fyrir þess konar nám. Á sama tíma voru 1.000 laus bóknámspláss í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og 1.900 á landinu öllu. Það þarf því að ráðast í uppbyggingu húsnæðis fyrir iðn- og starfsnám en jafnframt draga saman í húsnæði fyrir bóknám.

## 2. Fullnægjandi þjónusta fyrir alla nemendur

Ætlunin er að auka hlutfall 16 ára barna á Íslandi í framhaldsskóla úr 95% í 98%, sem og draga úr brotthvarfi og útskrifa fleiri nemendur. Til að ná þessum markmiðum og að allir nemendur á aldrinum 16–18 ára geti fengið menntun við hæfi þarf að auka þjónustu við nemendur í framhaldsskólakerfinu.

## 3. Fjölbreyttari og sveigjanlegri skólar

Framhaldsskólarnir þurfa að hafa getu til að laga sig að breytingum í samfélaginu, hvort sem er með fjölbreyttari nemendahópum eða breytingum á nemendafjölda. Þá þurfa skólarnir að hafa bolmagn til að bjóða upp á nám sem tekst á við menntunarlegar og samfélagslegar áskoranir og fylgja eftir örri þróun í námi og kennslu.

## 4. Fjármögnun breytinga

Fjármálaáætlun 2024–2028 gerir ráð fyrir að framlög til framhaldsskóla verði aukin um 1 ma.kr. á ári. Til að gera að veruleika framtíðarsýn um framúrskarandi menntun í framhaldsskólum óskaði mennta- og barnamálaráðuneytið eftir 3–4 ma.kr. á ári aukalega í fjármálaáætlun. Þessi upphæð fékkst ekki öll vegna aðhalds í ríkisfjármálum. Því er gert ráð fyrir að þurfi að afla allt að 2–3 ma.kr. á ári til eflingar framhaldsskólanna með því að tryggja hagkvæmari rekstur þeirra.

Í skýrslunni er að finna tillögur um sviðsmynd 1 í fyrsta áfanga verkefnisins til að bregðast við ofangreindum áskorunum en þær snúa einkum að sameiningu Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskólans á Akureyri

Niðurstaða stýrihópsins er að með sameiningu þessara framhaldsskóla verði til mun öflugri stofnun til að mæta þeim áskorunum sem skólasamfélagið stendur frammi fyrir á komandi árum og vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið fram í menntastefnunni. Með sameiningu þessara skóla væri hægt að gera

inntökuskilyrði sveigjanlegri til að skapa jöfn tækifæri fyrir alla nemendur og þar með stuðla að jafnrétti til náms. Til yrði fjölbreyttara nám sem skapar viðeigandi hæfni fyrir framtíðina. Efling stoðþjónustu innan þeirra stuðlar að vellíðan nemenda. Með stofnun stærri og öflugri skóla verður betur hægt að ná þessum markmiðum og skapa sterkari grundvöll fyrir starfsþróun kennara og starfsfólks. Markmiðið er að gera framhaldsskólana það öfluga að þeir geti hagnýtt sér örar breytingar í þróun menntavísinda, nemendum og kennurum til hagsbóta.

Með þessum breytingum er stuðlað að því að markmið menntastefnu 2030 náist á forsendum nemenda, sérstaklega þeim að tryggja öllum nemendum tækifæri til þess að þroskast og dafna á eigin forsendum og að öll geti lært og öll skipti máli.

Stýrihópurinn telur að sameining skólanna í einn öflugasta framhaldsskóla á landinu væri mikið framfaraspor fyrir stöðu menntunar á framhaldsskólastigi bæði á Norðurlandi eystra og landinu öllu. Til yrði 1.800 nemenda skóli með mjög fjölbreyttu og öflugum námsbrauta- og námsvali fyrir nemendur á öllum aldri. Til viðbótar við nám til stúdentsprófs og iðn- og starfsnámi yrðu til tækifæri til að flétta saman ýmsum námsbrautum á sviði bóknáms, listgreina og starfsgreina m.a. á grundvelli STEAM-hugmyndafræðinnar. Skólinn myndi veita ungu fólki alveg nýja valkosti til að auðvelda þeim að undirbúa sína framtíð í síbreytilegum heimi.

Samhliða þessari uppbyggingu þyrfti að koma til styrking á stoðþjónustu og þróunarstarfi innan skólans, með áherslu á símenntun og starfsþróun starfsfólks.

# 1. Inngangur

Mennta- og barnamálaráðherra skipaði í apríl 2023 stýrihóp um eflingu framhaldsskóla. Verkefni hópsins er að móta aðgerðir til að ná markmiðum menntastefnu stjórnvalda til 2030 og stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um eflingu iðn- og starfsnáms og raungreinánáms. Menntastefnan byggir á þeirri sýn að veitt skuli framúrskarandi menntun í umhverfi þar sem öll geta lært og öll skipta máli. Tillögur hópsins skulu einnig byggja á markmiðum stjórnvalda um að auka farsæld barna og ungmenna, m.a. með samþættingu kerfa, aukinni skólaþjónustu og hagræðingu, eftirfylgni og samvinnu.

Framhaldsskólarnir standa frammi fyrir breytingum þar sem gera má ráð fyrir að nemendum í bóknámi fækki á komandi árum, bæði vegna fámennari árganga og vegna aukins hlutar iðn- og starfsnáms. Þetta kallar á breytingar á skipulagi, annars konar nýtingu húsnæðis og tilfærslu fjármuna innan kerfisins til að efla stuðning við nemendur og auka skólaþróun.

Stýrihópnum var falið að móta og leggja fram tillögur að aðgerðum sem snúa að framtíðarskipulagi framhaldsskólakerfisins og mæta samfélagslegum, faglegum og fjárhagslegum áskorunum framhaldsskólanna. Þá skyldi stýrihópurinn meta rekstrarforsendur framhaldsskólanna með hliðsjón af fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar 2024–2028 og gera tillögur að úrbótum þar sem við á. Við mótun aðgerða hafði hópurinn sérstaklega í huga að tryggja og efla gæði náms auk þess að skólarnir hefðu getu til að þjónusta fjölbreyttan hóp nemenda – sjá erindisbréf stýrihópsins í viðauka.

Starf stýrihópsins skiptist í þrjá áfanga og er í þessari skýrslu að finna afrakstur vinnu um sviðsmynd 1 í fyrsta áfanga, sem snýst um sameiningu Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskólans á Akureyri en ætla má að vinnu við annan áfanga ljúki í október og þriðja áfanga í desember.

Stýrihópurinn skipa Þorsteinn Gunnarsson, fyrrverandi rektor Háskólans á Akureyri, Sigríður Hallgrímsdóttir, verkefnastjóri og fyrrverandi aðstoðarmaður menntamálaráðherra, og Anna María Gunnarsdóttir, Gylfi Jónu Arnbjarnarson og Hafþór Einarsson, sérfræðingar í mennta- og barnamálaráðuneytinu. Þorsteinn og Sigríður leiða starf stýrihópsins. Á skipunartíma hópsins lét Anna María af störfum og í stað hennar tók Ragnhildur Bolladóttir sæti í starfshópnum.

## 1.1 Samráð

Stýrihópurinn lagði áherslu á það frá upphafi að vera í virku samtali og samráði við alla hlutaðeigandi. Ferlið hófst með kynningu á verkefnum stýrihópsins fyrir öllum skólameisturum á framhaldsskólastiginu og í framhaldi af því með tilkynningu til fjölmiðla. Síðan var fundað með skólameisturum viðkomandi skóla og í samráði við þá skipulagt með hvaða hætti verkefni stýrihópsins yrði kynnt fyrir starfsmönnum og nemendum viðkomandi skóla áður en það yrði kynnt í fjölmiðlum. Í framhaldi af þessum kynningum var fundað með fulltrúum úr stjórn Félags framhaldsskólakennara og Sambands íslenskra framhaldsskólanema.

Hópurinn var í virku samtali við alla aðila sem vinnan varðaði og fundaði með þeim sem þess óskuðu. Auk funda áttu sér stað símtöl og tölvupóstasamskipti. Hér má sjá yfirlit um samráðsfundi stýrihópsins sem fóru fram á tímabilinu 25. apríl til 14. júní.

### Tafla 1. Yfirlit yfir samráðsfundi stýrihópsins

Dags.	Fundur	Efni
25. apríl	Fundur með skólameisturum framhaldsskóla	Kynning á hlutverki stýrihópsins og fyrsta áfanga verkefnisins
25. apríl	Fundur með skólameisturum Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskólanum á Akureyri	Kynning á hlutverki stýrihópsins og fyrsta áfanga verkefnisins
26. apríl	Fundur með skólameisturum Menntaskólans við Sund og Kvennaskólans í Reykjavík	Kynning á hlutverki stýrihópsins og fyrsta áfanga verkefnisins
27. apríl	Fundur með skólameisturum Tækniskólans og Flensborgar	Kynning á hlutverki stýrihópsins og fyrsta áfanga verkefnisins
28. apríl	Fundur með skólameisturum Fjölbrotaskóla Suðurnesja og Keilis	Kynning á hlutverki stýrihópsins og fyrsta áfanga verkefnisins
2. maí	Fundur með stjórn Sambands íslenskra framhaldsskólanema	Kynning á hlutverki stýrihópsins og fyrsta áfanga verkefnisins
2. maí	Fundur með skólameisturum Tækniskólans og Flensborgarskólanum í Hafnarfirði	Kynning á skólum
3. maí	Fundur með stjórn Félags framhaldsskólakennara	Samtal um hlutverk stýrihóps og fyrsta áfanga verkefnisins
5. maí	Fundur með starfsfólki og kennurum Kvennaskólans í Reykjavík	Kynning á verkefninu og spurningum svarað



<b>9.maí</b>	Fundur með starfsfólki mennta- og barnamálaráðuneytisins	Spurningum um verkefnið svarað
<b>9. maí</b>	Fundur með skólanefnd Menntaskólans við Sund	Kynning á verkefninu og spurningum svarað
<b>10. maí</b>	Skólafundur í Menntaskólanum við Sund með kennurum, starfsfólki og forráðamönnum nemenda	Kynning á hlutverki stýrihópsins og fyrsta áfanga verkefnisins
<b>19. maí</b>	Fundur með Menntaskólanum á Akureyri og Verkmenntaskólanum á Akureyri.	Skólameistarar kynntu niðurstöður stöðuskýrslu á Akureyri.
<b>19. maí</b>	Fundur með Tækniskólanum og Flensborgarskólanum í Hafnarfirði	Skólameistarar kynntu niðurstöður fýsileikakönnunar
<b>19. maí</b>	Fundur með Fjölbrautarskóla Suðurnesja og Keili	Skólameistarar kynntu niðurstöður fýsileikakönnunar
<b>23. maí</b>	Fundur með starfsfólki Fjölbrautaskóla Suðurnesja	Kynning á hlutverki stýrihópsins og spurningum svarað
<b>23. maí</b>	Fundur með starfsfólki Keilis	Kynning á hlutverki stýrihópsins og spurningum svarað
<b>25. maí</b>	Fundur með Menntaskólanum við Sund og Kvennaskólanum í Reykjavík	Skólameistarar kynntu niðurstöður fýsileikakönnunar
<b>1. júní</b>	Fundur með stjórn Nemendafélags Kvennaskólans í Reykjavík	Kynning á verkefninu og spurningum svarað
<b>7. júní</b>	Skoðunarferð um húsnæði Kvennaskólans í Reykjavík og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð	
<b>14. júní</b>	Fundur með skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri	Kynning á verkefninu og spurningum svarað

## 2. Forsendur verkefnisins

### 2.1 Menntastefna 2030 og farsældarlögin

Menntastefna til ársins 2030 var gefin út af mennta- og barnamálaráðuneytinu í janúar 2022 en hún er byggð á þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 24. mars 2021 eftir viðtækt samráð við skólasamfélagið, hagaðila og alþjóðlegar stofnanir s.s. OECD og Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir. Menntastefna 2030 nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla og byggir á þeirri sýn að veitt skuli framúrskarandi menntun í umhverfi þar sem öll geta lært og öll skipta máli. Þetta felur í sér að framhaldsskólakerfið þarf að bjóða nemendum nám við hæfi og þann stuðning og þjónustu sem nemendur þurfa á að halda til að geta stundað nám á farsælan hátt. Með starfi stýrihópsins vilja stjórnvöld stuðla að því að framhaldsskólar starfi í samræmi við menntastefnu sem er byggð á mikilli umræðu og samráði innan menntakerfisins.

Markmið stjórnvalda er að hlutfall ungmenna á aldrinum 16-18 ára séu við nám í framhaldsskóla en áður. Í dag eru á bilinu 4-5% af þessum aldurshópi hvorki í námi né vinnu. Það hefur ýmsan samfélagslegan ávinning í för með sér að styðja við þessa einstaklinga, en tækifæri til menntunar eru mikilvægur þáttur í að tryggja aukinn jöfnuð og velsæld í samfélögum. Möguleikar á vinnumarkaði aukast við að ljúka prófi hvort sem um er að ræða iðn- og starfsnám eða stúdentspróf. Auk þess hefur þátttaka í skólastarfi gríðarlegt forvarnargildi þegar kemur að ýmis konar áhættuhegðun og vanlíðan. Lykillinn að því að gefa öllum tækifæri er að mæta nemendum sem eiga við námsörðugleika að stríða, upplifa vanlíðan eða hafa lítinn stuðning heima fyrir. Þá þarf að efla markvisst stuðning við nemendur með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn þannig að þau fái sömu tækifæri í skólakerfinu og aðrir nemendur.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem tóku gildi 1. janúar 2022 fela í sér að samfelld þjónusta skuli vera til staðar fyrir barn til 18 ára aldurs. Þar sem flest börn og ungmenni á aldrinum 16-18 ára verja deginum í framhaldsskólum landsins er mikilvægt að þar sé tryggt að kennsla, starfshættir og stuðningsúrræði veiti öllum jöfn tækifæri. Til að aðstoða skólana við að þróast í áttina að þessu markmiði þarf heildstæða skólaþjónustu sem veitir stuðning við nemendur og foreldra sem og við starfsfólk og starfsemi skólanna. Þessi skólaþjónusta er í þróun en markmið hennar er að þróa kennslufræðilega, sálfræðilega, þroskafræðilega og félagsfræðilega þekkingu og efla faglegt starf skólanna.

### 2.2 Efling iðn- og starfsnáms

Í stjórnsáttmála ríkisstjórnarinnar er fjallað um að efla skuli iðn- og starfsnám og auka tækifæri nemenda til að leggja stund á slíkt nám. Því miður hefur það verið svo á undanförunum árum að fjölmörgum umsóknum um iðn- og starfsnám hefur verið hafnað vegna þess að ekki er til húsnæði og aðstaða til að bjóða nemendum skólavist í þessum greinum. Skólaárið 2022-2023 stunduðu um 8.500

nemendur iðn- og starfsnám á framhaldsskólastigi. Haustið 2021 var 750 umsækjendum hafnað en sú tala lækkaði niður í 450 haustið 2022 en þessar hafnanir skýrast að mestu leyti af skorti á aðstöðu. Flestum af þeim sem var hafnað um skólavist eru eldri en 19 ára, en í húsasmíði var hátt hlutfall 30 ára og eldri.<sup>1</sup>

Boðið er upp á ýmiss konar iðn- og starfsnám í 16 framhaldsskólum um land allt. Í [greinargerð sem unnin var um húsnaðisþörf framhaldsskólanna](#) kemur fram að byggja þurfi um 16.000–19.000 fermetra til viðbótar undir aðstöðu fyrir slíkt nám á komandi árum<sup>2</sup>. Verkefnum þessum er raðað í ákveðna forgangs röð miðað við stöðu undirbúnings, þarfir og fjárheimildir mennta- og barnamálaráðuneytisins. Vert er að taka fram að í undirbúningi er bygging nýs húsnaðis fyrir Tækniskólann við Flensborgarhöfn í Hafnarfirði, en hann er stærsti starfsmenntaskóli landsins. Sú framkvæmd er ekki fjármögnuð af sama kostnaðarliði í mennta- og barnamálaráðuneytinu þar sem um einkaskóla er að ræða. Gert er ráð fyrir að öllum þessum verkefnum verði lokið árið 2028.

Þessi áform um uppbyggingu starfsnámsskólanna eru í samræmi við eftirfarandi ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar:

- Fjölga þarf fagfólki á öllum skólastigum með áframhaldandi hvötum til að sækja kennaranám og möguleikum til starfsþróunar.
- Meta þarf mönnunarpörf til lengri tíma í heilbrigðis- og menntakerfinu og skoða í því samhengi hvort breyta þurfi starfsumhverfi og fyrirkomulagi grunnmenntunar til að mæta vaxandi þörf til framtíðar, m.a. með hliðsjón af aðstæðum í dreifðum byggðum.
- Áfram verður unnið að eflingu starfs- og tæknináms og fjölgun raun- og tæknigreina menntaðra.
- Byggðar verða nýjar höfuðstöðvar fyrir Tækniskólann í Hafnarfirði og unnið að eflingu iðn- og verknáms um land allt.
- Fjármögnun framhaldsskóla verði tryggð.

Að gera fleiri nemendum kleift að stunda iðn- og starfsnám hefur óhjákvæmilega áhrif á samsetningu nemendahópsins á framhaldsskólastigi. Skólaárið 2022–2023 voru laus pláss í bóknám á höfuðborgarsvæðinu rúmlega 1.000 og samtals um 1.900 á landinu öllu sem skýrist mestmegnis af því að framhaldsskólanám var stytzt úr fjórum árum í þrjú fyrir nokkrum árum. Með fjölgun í starfsnámi hefur jafnframt dregið úr aðsókn í bóknám.

---

<sup>1</sup> Mennta- og barnamálaráðuneytið: [Skýrsla starfshóps um innritun í starfsnám á haustönn 2022. Tillögur um aðgerðir](#)

<sup>2</sup> Mennta- og barnamálaráðuneytið: [Greinargerð um húsnaðisþörf í framhaldsskólunum 2023–2033](#)

## 2.3 Þróun nemendafjölda í framhaldsskólum

### 2.3.1 Spá um þróun nemendafjölda í framhaldsskólum 2023–2033

Grunnforsendur í spálíkani mennta- og barnamálaráðuneytisins um þróun nemendafjölda í framhaldsskólum eru

- nýjasta **mannfjöldaspá Hagstofu Íslands** frá 2022 eftir aldri,
- mannfjöldaspá Bygðastofnunar fyrir einstaka landshluta,
- markmið stjórnvalda í menntastefnu 2030 um aukna skólasókn yngri árganganna og
- stefna stjórnvalda um aukið vægi iðn- og starfsnáms.

Í dag eru um 4,4% af einstaklingum á aldrinum 16–18 ára hvorki í námi né í vinnu<sup>3</sup>, en hópurinn hefur verið nefndur NEET-hópurinn (kemur úr ensku og stendur fyrir Not in Education, Employment or Training) og er í spánni gert ráð fyrir að auka skólasókn þessa hóps þannig að hann minnki um að minnsta kosti helming. Varðandi eldri árganga þá hefur skólasókn þeirra verið að dragast saman sl. 10 ár þrátt fyrir að framboð af námi fyrir fullorðna hefur aukist til muna. Gera má ráð fyrir að skólasókn þessara árganga muni áfram dragast saman en þó hægar, en áfram vera nokkuð mikil í alþjóðlegu samhengi.


Horft er til næstu 10 ára í senn, en spár til lengri tíma eru háðar meiri óvissu vegna sveiflna í fæðingartíðni sem og brott- og aðflutningi fólks til og frá landinu.

#### Tafla 2. Spá um þróun nemenda í starfs- og bóknámi 2023–2033


Tímabil	Starfsnám		Bóknám		Framhaldsskólar alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>2023–2028</b>	1.508	17,9%	-510	-3,1%	999	11,5%
<b>2028–2033</b>	191	1,9%	-2.076	-12,8%	-1.885	-6,5%

Í grunninn má gera ráð fyrir að fram til 2028 muni nemendum fjölga um 1.000 (+/- 200 nemendur m.v. lág- og háspá) í framhaldsskólum landsins, eða 11,5% í heild. Frá 2028 og fram til 2033 má hins vegar gera ráð fyrir að nemendum fækki aftur um 1.900 (+/- 150 nemendur m.v. lág- og háspá), eða 6,5%, og verði um 900 færri en í dag.

<sup>3</sup> NEET-hópurinn: *Staða og bakgrunnur ungmenna af erlendum uppruna utan vinnumarkaðar og skóla*


**Mynd 1. Spá um fjölda nemenda í framhaldsskólum 2022–2033**

Stefna stjórnvalda er að auka vægi iðn- og starfsnáms þannig að hlutfallið hækki úr 33,5% í 42,5% árið 2033<sup>4</sup>. Ef fyrrgreind spá um fjölda nemenda í framhaldsskólum er sett í samhengi við þessa stefnu stjórnvalda mun nemendum í iðn- og starfsnámi fjölga um 1.500 (+/- 70 nemendur), eða 18%, fram til ársins 2028 og síðan um tæplega 200, eða 2%, fram til ársins 2033. Á mótí mun nemendum í bóknámi fækka um rúmlega 500 (+/- 110 nemendur), eða 3%, fram til 2028 og síðan um tæplega 2.100 (+/- 80 nemendur), eða 13% fram til ársins 2033.

**Mynd 2. Spá um fjölda nemenda í bóknámi 2022–2033**

<sup>4</sup> Mennta- og barnamálaráðuneytið: [Greinargerð um húsnæðisþörf í framhaldsskólunum 2023–2033](#)

Mynd 3. Spá um fjölda nemenda í starfsnámi 2022–2033



Eins og sjá má af þessum gögnum er hér um verulega breytingu á samsetningu nemenda í bók- og starfsnámi að ræða sem óhjákvæmilega hefur áhrif á uppbyggingu og skipulag framhaldsskólakerfisins í heild. Það er athyglisvert hversu lítil vikmörkin eru milli há- og lágspár, en skýringin er fyrst og fremst að þessi spá er ekki háð óvissu um fæðingartíðni, enda er síðasti árgangurinn í þessari spá (sá sem hefur nám sitt árið 2033) að hefja nám í grunnskólum landsins þegar í haust. Vikmörkin í spánni um skiptingu nemenda í bóknám og starfsnám eru þannig að hvert prósentustig af heildarfjölda nemenda færir um 200 nemendur milli þessara tveggja tegunda náms.

### 2.3.2 Breyting á samsetningu nemenda og húsnæðisþörf

Mennta- og barnamálaráðherra kynnti í ríkisstjórn þann 13. janúar sl. minnisblað um húsnæðisþörf framhaldsskóla byggt á fyrrgreindri nemendaspá. Í minnisblaðinu er lýst áformum ráðuneytisins um stækkun starfsmenntaskóla um 10.000 m<sup>2</sup>, auk byggingar nýrra höfuðstöðva

Tækniskólans í Hafnarfirði, til að mæta fyrirsjáanlegri 1.500–1.700 nemenda fjölgun í iðn- og starfsnámi á næstu 5–6 árum. Voru þessi áform síðan kynnt á fundi með skólameisturum framhaldsskólanna í febrúar og á opnum fundi í byrjun mars um uppbyggingu starfsnámsskólanna.



Í þessari áætlun er einnig gert ráð fyrir að stækka Fjölbrautaskólann í Breiðholti um 2.400 fm. og er forvali á verktökum nýlokið. Á þessu ári verður unnið að frummati á stækkun Fjölbrautaskóla Suðurnesja um 1.320 fm., Menntaskólans á Ísafirði um 850 fm., Fjölbrautaskólans á Norðurlandi vestra um 1.200 fm. og Verkmenntaskólans á Akureyri um 1.320 fm. Gert er ráð fyrir að þessi verkefni verði boðin út á vormánuðum 2024 og framkvæmdum ljúki á 2–3 árum. Á næsta ári stendur til að gera frummat á stækkun Verkmenntaskóla Austurlands um 660 fm., Borgarholtsskóla um 1.600 fm. og Fjölbrautaskóla Suðurlands um 1.400 fm. og að útboð geti farið fram vorið 2025.

Gera má ráð fyrir að stofnkostnaður við þessa uppbyggingu starfsmenntaskólanna verði um 7,4 ma.kr. og er hlutur sveitarfélaga skv. 47. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla 40% af því, eða um 3 ma.kr., og hlutur ríkisins 60% eða um 4,4 ma.kr. Í áætluninni kemur fram að þetta sé innan þeirra fjárheimilda sem ráðuneytið hefur nú þegar bæði uppsafnað á fjárlagaliðnum auk fjárveitingar skv. fjármálaáætlun 2024–2028. Bygging nýrra höfuðstöðva Tækniskólans í Hafnarfirði er ekki inni í þessum áformum, enda um einkaskóla að ræða þannig að ríkið leggur ekki fram stofnfé.<sup>5</sup>

Samhliða þessari uppbyggingu starfsmenntaskólanna er ljóst að áætluð fækkun nemenda í bóknámi um 2.600 á næsta áratug, sem kemur til viðbótar við fækkun nemenda vegna styttingar stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú, mun leiða til þess að mikið húsnæði verður laust í bóknámsskólunum. Af þessari ástæðu hafa fyrri áform um endurbætur á Menntaskólanum í Reykjavík verið lögð til hliðar. Nú þegar laus pláss í bóknámsskólunum á höfuðborgarsvæðinu eru um 1.000 dreift á mjög marga skóla, þó sumir þeirra séu fullsetnir, og á landinu öllu eru þetta um 1.900 pláss. Lætur nærri að hér sé um 15.000 fm. húsnæðis að ræða og ef nemendum fækkar um 500 á næstu fimm árum bætast um 5.000 fm. við. Kostnaður vegna þessa umframhúsnæðis eru tæplega 500 m.kr. á ári.

---

<sup>5</sup> Mennta- og barnamálaráðuneytið: [Nýtt húsnæði Tækniskólans. Tillögur verkefnisstjórnar](#)

## 2.4 Fjármögnun framhaldsskólakerfisins

### 2.4.1 Áhrif á fjármögnun kennslunnar

Fjárhagslega séð mun fækkun bóknámsnema vega upp kostnað vegna fjölgunar starfsnámsnema ef litið er til næstu 10 ára. Reiknaður nemandi í fullu námi í starfsnámi kostar að jafnaði 1,7–1,8 m.kr. á meðan reiknaður nemandi í fullu námi í bóknámi kostar að jafnaði 1,1–1,2 m.kr., hvoru tveggja án tillits til húsnæðiskostnaðar. Samkvæmt upplýsingum Menntamálastofnunar var hver nemandi í starfsnámi að jafnaði með 21,7 einingu af 30 á haustönn 2022<sup>6</sup>. Árskostnaður á hvern nemanda í starfsnámi er svipaður og í bóknámi en nemandinn í iðnnámi, sem er fjölmennasti hluti starfsnámsnema, er oftast ári lengur að ljúka náminu.

Þar sem fjölgun starfsnámsnema kemur nánast öll fram á næstu fimm árum en fækkun bóknámsnema að mestu á árunum þar á eftir, er ljóst að auka þarf fé til kennslu á næstu fimm árum sem gengur síðan til baka á árunum þar á eftir. Ef nemendum í starfsnámi fjölgar um 1.500 á næstu fimm árum kallar það á 1.610 m.kr. aukin framlög til kennslu, en á móti má gera ráð fyrir að fækkun nemenda um 500 í bóknámi á sama tíma lækki fjárþörf til kennslu um 380 m.kr. Þannig að heildarfjárþörf vegna kennslu eykst um 1.230 m.kr. á næstu fimm árum.

Til viðbótar má gera ráð fyrir að stækkun opinberu starfsnámskólanna leiði til aukins leigukostnaðar um 545 m.kr. á ári og nýjar höfuðstöðvar Tækniskólans í Hafnarfirði hækkar leiguna m.v. sama fermetrafjölda og skólinn er með í dag um 260 m.kr., þannig að fjárþörfin vegna kennslu og rekstrar eykst um 2.035 m.kr. á næstu fimm árum. Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til næstu fimm ára er gert ráð fyrir auknu aðhaldi í rekstri ríkissjóðs til að draga úr þenslu í hagkerfinu og því verða framlög vegna kennslu og rekstrar aðeins aukin um 600 m.kr. vegna fyrirsjáanlegrar fjölgunar nemenda í starfsnámi. Fallið var frá fyrirhugaðri 445 m.kr. lækkun fjárheimilda vegna fjölgunar nemenda í heimsfaraldrinum haustið 2020, þar sem nemendum fækkaði ekki í lok faraldursins eins og talið var. Því er ljóst að mennta- og barnamálaráðuneytið **vantar 1.365 m.kr. til að geta mætt fjölgun nemenda í starfsnámi** í samræmi við nemendaspá.

### 2.4.2 Um rekstur framhaldsskóla

Ef litið er á rekstur framhaldsskóla má skipta kostnaði í grófum dráttum í þrennt: kennslukostnað sem er langstærsti liðurinn, húsnæðiskostnað og annan rekstur (yfirstjórn, bakvinnsla, sérfræðileg stoðþjónusta og annað).

**Í fyrsta lagi** má líta á kennslukostnaðinn, en honum er mætt á grundvelli reiknilíkans mennta- og barnamálaráðuneytisins, þar sem að baki liggur ákveðin kostnaðargreining við einstaka námsbrautir sem tekur m.a. mið af kjarasamningi

---

<sup>6</sup> Á vorönn 2023 fækkaði meðalfjölda eininga bæði í bóknámi og starfsnámi og eru nú 27 einingar í bóknámi og 18 einingar í starfsnámi, sjá [Nemendasamsetning í hefðbundnum framhaldsskólum](#) á vef Menntamálastofnunar



við framhaldsskólakennara um hámarksfjölda nemenda í hóp sem er mismunandi eftir greinum. Inni í líkaninu eru síðan breytur sem taka mið af álagi vegna nemenda sem þurfa aukna aðstoð, fjölda nemenda með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn, óhagræði vegna smæðar skóla o.s.frv. Ef litið er á rekstur einstakra skóla er lykiltríði hvernig skólanum tekst að nýta starfskraft kennara sem birtist m.a. í hópastærðum, sérstaklega þegar um er að ræða mjög litla hópa t.d. í efri áföngum.

Með auknu samstarfi milli skóla um nám og kennslu, sem kallar á samræmingu námsbrautalýsinga, áfangalýsinga og námsfyrirkomulags, eða með sameiningu skóla má stuðla að því að fjölga nemendum í áfanga/hóp og ná þannig fram mikilvægum samlegðaráhrifum í rekstri skólanna. Sem mótvægi við þróun fjölda nemenda í bóknámi annars vegar og starfsnámi hins vegar væri skynsamlegt að sameina bóknáms- og starfsnáms-skóla og samræma námsbrautalýsingar einstakra áfanga til að ná fram hagkvæmari hópastærð. Með þessu móti verður auðveldara að nýta fjárheimildir til að mæta sveiflum í aðsókn nemenda í bóknám eða starfsnám. Hér verður þó að nálgast hagkvæmni með hagsmuni kennara og nemenda að leiðarljósi. Of stórir hópar geta aukið álag á kennara og unnið gegn því að hægt sé að sinna hverjum nemenda sem skyldi, en hópastærðir eru skilgreindar í vinnumatí skv. kjarasamningi fjármálaráðherra við Kennarasamband Íslands.<sup>7</sup>

**Í öðru lagi** má líta til húsnæðiskostnaðarins, en ljóst er að þessi kostnaðarliður er tiltölulega fastur og erfitt að breyta honum hjá einstaka skólum. Yfirleitt er ekki hægt að segja upp leigusamningum vegna hluta húsnæðis, þó það sé ekki fortakslaust. Þegar í dag er framhaldsskólakerfið með laus pláss fyrir um 1.900 nemendur á öllu landinu, aðallega í bóknáms-skólum og má rekja það til styttingar stúdentsprófsins úr fjórum árum í þrjú. Lætur nærri að þetta séu um 15.000 fm. og er mennta- og barnamálaráðuneytið í dag að greiða um 500 m.kr. á ári í leigu fyrir þetta húsnæði sem ekki er þörf fyrir. Ef litið er til næstu fimm ára má leiða líkum að því að við þetta muni bætast um 5.000 fm. vegna fyrirsjáanlegrar fækkunar í bóknámi sem hækkar þessa tölu um 130 m.kr. Á árunum 2028–2033 má ætla að enn losni um 17.000–22.000 fm. húsnæðis og að þessi tala nálgist þá 1.000 m.kr. verði ekki við því brugðist.

---

<sup>7</sup> Sjá [nánari lýsingu á viðmiðum um hópanýtingu](#) á vef fjármálaráðuneytisins

Eina haldbæra leiðin til þess að draga úr húsnæðisnotkun er að fara í heildstæðar skipulagsbreytingar í framhaldsskólakerfinu, því alla jafna er ekki hægt að segja upp leigusamningum á hluta húsnæðis líkt og hægt væri með skrifstofu- eða atvinnuhúsnæði. Þessar skipulagsbreytingar þurfa að ná bæði til innra skipulags skólanna m.t.t. námsbrautalýsinga og kennsluhátta sem og ytra skipulags framhaldsskólakerfisins m.t.t. fjölda og dreifingar framhaldsskólanna.

**Í þriðja lagi** má líta á aðra rekstrarþætti, en þar skiptir mestu máli að ná fram hagræðingu í yfirstjórn skólanna og aukinni samnýtingu í bakvinnslunni eins og nemendaskráning, bókhald, ýmis umsýsla og rekstur tæknilausna og húsnæðis. Gera má ráð fyrir að í yfirstjórn skólanna séu að jafnaði 3–4 stöðugildi og gjarnan er stuðst við starfsmenn í hlutastarfi í ýmsum bakvinnslustörfum. Með sameiningu skóla má ná fram talsverðum samlegðaráhrifum sem aftur leggur grunn að því að auka ýmiskonar stoðþjónustu við nemendur og kennara.



## 2.5 Endurskipulagning og uppbygging framhaldsskólastigsins

Mennta- og barnamálaráðherra hefur á undanförunum mánuðum rýnt í þær áskoranir og tækifæri sem framhaldsskólakerfið stendur frammi fyrir vegna menntastefnu og markmiða í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Má þar nefna framlög til skólabróunar og námsgagnagerðar í framhaldsskólum og aðgerðir til að bæta menntun fanga. Jafnframt hefur verið til skoðunar að efla tónlistarnám og listdansnám á framhaldsskólastigi, að byggja upp heimavist fyrir starfsnámsnemendur sem koma í lotunám við starfsmenntaskólana á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við starfsmenntaskólana úti á landi, að mæta sértækum þörfum svokallaðs NEET-hóps (ungmenna sem eru hvorki í námi, vinnu né þjálfun) í framhaldsskólum, að fjölga nemendum í heilbrigðistengdu námi, að finna leiðir til að fjölga starfsmenntakennurum og að hækka framlög í Vinnustaðanámssjóð í samræmi við fyrirheit ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.

### 2.5.1 Þróun framhaldsskólastigsins

Framhaldsskólakerfið hefur tekið miklum breytingum undanfarna tvo áratugi. Börnum í viðkvæmri stöðu hefur fjölgað, stafræn þróun er mjög mikil, jafnréttismál skipa sífellt stærri sess og skil milli námsgreina hafa breyst og þróast. Því er nauðsynlegt er að styðja við þróun skólastigsins og efla umbótarstarf og skólabjónustu við framhaldsskólastigið. Í fyrirhugaðri nýrri mennta- og skólabjónustustofu er ráðgert að byggja upp skólabjónustu við framhaldsskólastigið m.a. með ráðgjöf, leiðsögn, námskeiðum og útgáfu leiðbeininga og fræðsluefnis.

### 2.5.2 Listdans og tónlist á framhaldsskólastigi

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur að undanförunu fjallað um aðstöðu fyrir kennslu í listdansi og tónlist á framhaldsskólastigi. Talið er nauðsynlegt að byggja allt að 3.500 fm. sérhæft húsnæði sem rúmi bæði kennslu í listdansi og tónlist. Gert er ráð fyrir 40% þátttöku sveitarfélaganna í stofnkostnaði, en talið er að núverandi svigrúm vegna nemendaígilda í þessum greinum sé fullnægjandi.

### 2.5.3 Uppbygging Garðyrkjuskólans að Reykjum

Mennta- og barnamálaráðherra hefur skipað framkvæmdanefnd um uppbyggingu að Reykjum í Ölfusi. Þegar hafa áform um stækkun Fjölbrautaskóla Suðurlands verið kynnt, en í þeim áformum var ekki gert ráð fyrir uppbyggingu og endurbyggingu að Reykjum.

### 2.5.4 Raunfærnimat

Samkvæmt þeim reglum sem gilda um Fræðslusjóð geta framhaldsskólar ekki sótt um fjármagn til að meta raunfærni nemenda þrátt fyrir að ákvæði framhaldsskólalaga (31. gr.) kveði á um þann rétt nemenda. Talið er nauðsynlegt að gera skólum kleift að bjóða upp á þessa þjónustu með sérstakri fjárveitingu til að byggja upp hæfnimat.

### 2.5.5 Fjölgun nemenda í heilbrigðisgreinum

Mikill skortur er á starfsfólki í heilbrigðiskerfinu. Áform eru uppi í samstarfi mennta- og barnamálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins að auka kynningu á heilbrigðistengdu námi á framhaldsskólastigi og taka upp beina hvatastyrki fyrir nemendur í m.a. sjúkraliðanámi. Þá eru áform um að fjölga heilbrigðistengdum námsbrautum á heilbrigðisviði s.s. heyrnartækni og sjúkraflutningum, þróa nám í heilbrigðisgreinum fyrir fólk með erlendan tungumála- og menningarbakgrunn, byggja upp hermisetur bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni o.fl.

### 2.5.6 Fjölgun starfsmenntakennara

Ljóst er að fjölgun nemenda í starfsnámi verður að mæta með fjölgun starfsmenntakennara og er mennta- og barnamálaráðuneytið með í undirbúningi sérstakt kynningarátak til að fjölga kennurum í starfsmenntagreinum. Ákveðið hefur verið að taka upp hvatagreiðslur fyrir starfsmenntakennaranema líkt og fyrir bóknámskennaranema og taka þær gildi frá og með skólaárinu 2023–2024.

### 2.5.7 Aukin framlög í vinnustaðanámssjóð

Í tengslum við gerð kjarasamninga haustið 2022 gaf ríkisstjórnin fyrirheit um eflingu vinnustaðanámssjóðs sem enn hefur ekki raungerst en framlög í hann hafa staðið í stað árum saman og er sú upphæð sem greidd er með hverjum nema fyrir hverja viku í starfsnámi orðin einn þriðji af því sem hún var í upphafi ársins 2012. Ljóst er að með fjölgun starfsnámsnema og aukinni ásókn fyrirtækja og opinberra stofnana í sjóðinn er óhjákvæmilegt að endurskoða úthlutunarreglur sjóðsins svo úthlutun taki t.a.m. meira mið af auknu kennsluálagi á fyrri stigum vinnustaðanáms.

### 2.5.8 Starfsnám fyrir fanga

Talið er mikilvægt að auka námstækifæri fyrir fanga, einkum starfsnám, til að leggja traustari grunn að endurkomu þeirra í samfélagið að lokinni fangavist. Áform eru um að þessar námsleiðir standi þessum hópi til boða frá því að dómur fellur, meðan á fangavist stendur og að henni lokinni. Í framhaldi yrði þetta hluti af nemendaígildum framhaldsskólastigsins.

Að sama skapi þarf að greiða götu þessa hóps til raunfærnimats og til frekara náms í framhaldsskólum.

### 2.5.9 Aukinn stuðningur við námsgagnagerð

Einu opinberu fjármunirnir sem úthlutað er til námsgagnagerðar á framhaldsskólastigi koma nú úr Þróunarsjóði námsgagna sem ætlaður er öllum skólastigum og er samkeppnissjóður. Sá sjóður hefur haft um 50 milljónir árlega frá árinu 2004 en fékk 30 milljónir í aukaframlag á þessu ári til námsgagnagerðar fyrir nemendur með erlendan tungumála- og menningarbakgrunn. Sú upphæð dugar skammt í kerfi með rúmlega 300 námsbrautarlýsingum og nálægt 1.800 áföngum.

### 2.5.10 Aukin þjónusta við NEET-hópin 16–18 ára

Þróa þarf virkniúrræði fyrir nemendur sem eru bæði utan vinnu- og skóla með það að markmiði að grípa þann hóp sem skráir sig ekki í framhaldsskóla eða fellur út. Samkvæmt könnun Varðar frá 2021 eru um 555 einstaklingar milli 16 og 18 ára hvorki í námi né vinnu, eða 4,4% að meðaltali. 70% hópsins hefur innlandan bakgrunn og er hlutfall þeirra 3,6% en 30% hópsins hefur erlendan bakgrunn og er hlutfall meðal þeirra 8,1%. Meðal þeirra sem eru 19–24 er hlutfallið mun hærra. Mikilvægt er að finna þennan hóp og virkja.

### 2.5.11 Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Móta þarf stefnu sem felur m.a í sér stóráukinn stuðning við framhaldsskólanemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn til að auka möguleika þessa hóps til að stunda nám við framhaldsskóla og eiga möguleika á framhaldsnámi. Þessum nemendum þarf að tryggja kennslu við hæfi í hvetjandi námsumhverfi, auka íslenskukennslu og fræðslu um íslenskt samfélag, liðsinna við heimanám o.fl. Gera þarf sérstakt átak til að vinna betur að hagsmunum og námi þessara nemenda.

### 2.5.12 Lækkun kostnaðar nemenda vegna námsgagna

Mikilvægt er að tryggja jafnt aðgengi að námi óháð efnahag, búsetu og öðrum aðstæðum. Misrétti til menntunar hefur aukist á síðustu árum og þarf að huga sérstaklega að því að jafna aðgengi til menntunar. Stór<sup>8</sup> þáttur í því er að draga úr kostnaði nemenda á framhaldsskólastigi vegna námsgagna. Kostnaður íslenskra framhaldsskólanemenda vegna námsgagna á sér ekki hliðstæðu á Norðurlöndum og líta mætti til þeirra varðandi útfærslu. Námsgagnakostnaður nemenda í framhaldsskólum er áætlaður um 30–50 þús. á hverri önn eða um 750 milljónir samtals á hverri önn sé miðað við lægri töluna. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 96/2008 skal ár hvert tilgreind sú fjárhæð sem veitt er til að mæta kostnaði nemenda vegna námsgagna (51. gr). Enn fremur kemur fram að nemendur með leshömlun skuli hafa aðgang að sérsniðnum námsgögnum (34. gr.). Þessi ákvæði laganna hafa aldrei verið virkjuð. Samkvæmt 32. gr. (fræðsluskyldan) eiga nemar rétt á að stunda nám til 18 ára aldurs.

---

<sup>8</sup> Velferðarvaktin (Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson): [Félagsleg og efnahagsleg staða og brottþvarf úr íslenskum framhaldsskólum](#)



### 2.5.13 Aukin stuðningur við nemendur á framhaldsskólastigi

Auka þarf skólaþjónustu og eftirfylgni við nemendur á framhaldsskólastigi. Stoðkerfi skóla þarf jafnframt að efla ásamt stuðningi við nemendur sem á þurfa að halda. Má þar nefna aukið aðgengi að náms- og starfsráðgjöf, sálfræðingum, iðjuþjálfun, aukið vægi umsjónarkennara, aukinn stuðningur við félagslíf nemenda o.s.frv. Eins má nefna innleiðingu samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna í samræmi við samnefnd lög sem tóku gildi 1. janúar 2022.



### 2.5.14 Samantekt

Allt eru þetta afar brýn verkefni og má ætla að fjárþörf framhaldsskólakerfisins sé uppsöfnuð um 2–3 ma.kr. til viðbótar við þá 1,4 ma.kr. sem vantar til að fjármagna fjölgun nemenda í starfsnámi á næstu fimm árum. Gera má ráð fyrir að þessi þörf verði mest vegna næstu tveggja ára og munar þar mest um aukna þjónustu við kennara og nemendur.

Vegna efnahagsaðstæðna og mikilvægi þess að ríkisfjármálum verði beitt til þess að draga úr verðbólgu er ljóst að til þess að mæta þeim miklu áskorunum og mikilvægu verkefnum sem framhaldsskólakerfið stendur frammi fyrir þarf mennta- og barnamálaráðuneytið að finna leiðir til þess að nýta þá fjármuni sem renna til málaflokksins betur. Í dag fara um 42 ma.kr. til framhaldsskólakerfisins og viðfangsefni stýrihópsins um eflingu framhaldsskóla er að finna leiðir m.a. með endurskipulagningu skólakerfisins og námsbrauta til að færa 600–800 m.kr. á ári næstu 4–5 árin innan málaflokksins svo hægt sé að fjármagna þau brýnu verkefni sem áður voru nefnd. Lætur nærri að þetta sé um 1,5–2% á ári.

## 2.6 Verkefni ráðgjafarfyrirtækja

Til að leggja mat á rekstur og afkomu þeirra skóla sem fjallað er um í sviðsmynd 1 var samið við PwC um að greina Menntaskólann á Akureyri og Verkmenntaskólann á Akureyri Greiningin fólst einkum í að rýna í ársreikninga þeirra sem og rekstrarhorfur á næstu árum.

Í framhaldi af stöðuskýrslum skólastjórnenda um auknið samstarf eða sameiningu skólanna var ákveðið að skoða betur sameiningar og vinna ekki frekar með greiningu á fjárhagslegum áhrifum aukins samstarfs skólanna á óbreyttum grunni. Þær hindranir sem fylgja bæði staðsetningu og námsbrautaskipulagi skólanna valda því að of vandasamt er að byggja slíkt samstarf upp í daglegri framkvæmd kennslunnar.

Óskað var eftir því að ráðgjafarfyrirtækin litu sérstaklega á eftirfarandi þætti:

1. Leggja mat á hagkvæmni sameiningar með því að
  - 1.1. skoða samlegðaráhrif í yfirstjórn og bakvinnslu,
  - 1.2. rýna samlegðaráhrif og/eða sóknarmöguleika í sérfræðilegri stoðþjónustu, s.s. náms- og starfsráðgjöf, sálfræðiþjónustu, iðjuþjálfun og félagsráðgjöf,
  - 1.3. skoða hvort sameining hafi í för með sér betri nýtingu á námshópum að teknu tilliti til kjarasamninga kennara og vinnumats einstakra áfanga,
  - 1.4. leggja mat á sparnað í notkun og rekstri húsnæðis.
2. Leggja mat á líklega þróun á afkomu skólanna næstu ár m.t.t.
  - 2.1. óbreyttrar stærðar skólanna m.v. fjárheimildir og rekstrarafkomu sl. þrjú ár og fimm ár fram í tímann,
  - 2.2. líklegrar nemendapróunar á viðkomandi svæðum m.v. spá menntamálaráðuneytisins,
  - 2.3. hvaða aðgerða skólarnir þurfi að grípa til að rétta af rekstur þeirra á þessum grunni.

## 2.7 Menntastefna 2030 – hvaða þýðingu hefur hún fyrir starfsemi framhaldsskólans?

Meginforsendur menntastefnu stjórnvalda til ársins 2030 eru að öflugt og sveigjanlegt menntakerfi skuli stuðla að jöfnum tækifærum til náms. Allir skulu hafa tækifæri, á eigin forsendum og án nokkurrar mismununar, til að þroskast og auka hæfni sína. Markmið menntastefnu er að veita framúrskarandi menntun í umhverfi þar sem öll geta lært og öll skipta máli. Skólar og aðrar menntastofnanir eiga að taka mið af þörfum, getu og hæfni sérhvers nemanda og vinna út frá styrkleikum og áhuga hvers og eins. Samfélaginu ber skylda til þess að hlúa sem best að velferð barna og ungmenna og tryggja öllum tækifæri til þess að þroskast og dafna á eigin forsendum innan menntakerfisins. Mikilvægt er að tryggja að allir finni sig í menntakerfinu og að stuðlað sé að jafnrétti innan þess.

Út frá þessari stefnu er það m.a. verkefni stýrihópsins að skoða hvort tillögur um einstakar sviðsmyndir endurspegli að einhverju leyti vilja stjórnvalda og skólasamfélagsins í þessum efnunum. Mat á einstökum tillögum þarf því að byggjast á því að starf innan hvers framhaldsskóla stuðli að því að markmið menntastefnunnar náist. Þar er m.a. átt við það markmið að tryggja öllum nemendum tækifæri til þess að þroskast og dafna á eigin forsendum og að öll geti lært og öll skipta máli.

Markmið stýrihópsins er þannig að stuðla að því að í landinu séu starfræktir öflugir og sveigjanlegir framhaldsskólar með breitt námsframboð sem geti tekist á við framtíðaráskoranir. Svo til hver framhaldsskóli ætti að geta boðið margs konar samsett nám, t.d. bóknám, iðn- og starfsnám og listnám svo nokkrir flokkar náms séu nefndir, sem býr ungt fólk sem best undir framtíðina. Í þessu sambandi vill stýrihópurinn draga úr þeim aðskilnaði sem sums staðar tíðkast í framhaldsskólakerfinu milli bóknáms og iðn og starfsnáms, opna sem framhaldsskóla fyrir nemendum sem eiga við námsörðugleika að stríða og vinna gegn brotthvarfi. Stærri einingar hafa meira bolmagn til að auka þjónustu við börn, ungmenni og kennara og geta þannig byggt upp betri aðstöðu og fagþekkingu til að sinna sérúrræðum og velferð. Hér er þó ekki um algild markmið að ræða og taka þarf tillit til styrkleika hvers framhaldsskóla, sögu, hefða, staðsetningar og hagkvæmni í rekstri. Stýrihópurinn tekur einnig mið af stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar sem leggur áherslu á að fjölga fólki með tækni- og raungreinamenntun. Þá vill stýrihópurinn taka undir þau sjónarmið um menntakerfið sem komu fram í skýrslu um fjórðu iðnbyltinguna þar sem m.a. segir að menntakerfið muni gegna lykilhlutverki í að nýta tækni erlendis frá og stuðla að öflugri staðbundinni færni í þróun nýrrar tækni. Mikilvægt er að fólk búi yfir getu til að leysa flókin vandamál, beita gagnrýnni og



skapandi hugsun, og hafa samskipti við annað fólk<sup>9</sup>. Þá þarf að líta til fleiri þátta þegar kemur að menntun eins og t.d. kennsluaðferða, uppbyggingar þverfaglegs náms, m.a. á sviðum vísinda, tækni, handverks og lista (STEAM greinar), aukinna möguleika og áskorana sem gervigreind skapar sem og bættrar líðanar ungs fólks í námi. Öflugri framhaldsskólar eru líklegri til að hafa bolmagn til að geta starfrækt sérhæfðari kennslu, lengri áfangalínur og minni námshópa og tekist á við nýjar nálganir í námi og kennslu. Síðan en ekki síst er mikilvægt að til sé öflugt stoðkerfi sem styðji við störf kennara og nám nemenda í framhaldsskólum. Í því sambandi vill stýrihópurinn vekja athygli á frumvarpi til laga um nýja mennta- og skólaþjónustustofu sem mennta- og barnamálaráðherra hefur lagt fram. Mjög mikilvægt er að starfsfólk og nemendur framhaldsskóla taki virkan þátt í uppbyggingu þessarar stofu. Að beiðni stýrihópsins skilaði skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara mikilvægu innleggi inn í umræðu og áætlanagerð um verkefni þessarar nýju stofu sem birt er í viðauka.

Hlutverk stýrihópsins er með samtali við skólastjórnendur og skólasamfélagið og með hliðsjón af menntastefnu að leggja mat á fýsileika þess að auka samstarf eða sameina valda skóla.

## 2.8 Fýsileikakönnun

Menntaskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri gerðu ákveðið stöðumat um kosti og galla samstarfs eða sameiningar og skiluðu niðurstöðum í skýrsluformi til stýrihópsins.

Skólarnir fengu mikið svigrúm hvernig þeir höguðu sinni vinnu en af hálfu stýrihópsins var áhersla lögð á að hún næði til sem flestra; kennara, starfsfólks, nemenda og hagaðila og byggi á nýjustu gögnum og að skólasamfélaginu gæfist tækifæri til að rýna námsframboð og stoðþjónustu. Með stöðumatinu var leitast við að svara þeirri meginspurningu hvort skólarnir séu líklegri til að uppfylla framtíðarsýn og takast á við áskoranir sameinaðir, með auknu samstarfi eða sitt í hvoru lagi. Niðurstöður stöðumatsins frá skólunum er innlegg í ákvarðanir og aðgerðir ráðherra.

Með þessu vinnulagi framselur ráðherra ákveðið frumkvæði til viðkomandi framhaldsskóla til að endurskipuleggja sína starfsemi. Verkefninu er skipt í þrjá áfanga og í þessari sviðsmynd 1 í fyrsta áfanga er verið að skoða samvinnu eða sameiningu Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskólans á Akureyri.

Í öðrum áfanga verkefnisins verða skoðaðir hvaða aðrir möguleikar eru í aukinni samlegð skóla á höfuðborgarsvæðinu og í þriðja áfanga verða skólar utan höfuðborgarsvæðisins til skoðunar.

---

<sup>9</sup> Forsætisráðuneytið: [Ísland og fjórða iðnbyltingin](#)

## 2.9 Mat stýrihópsins

### 2.9.1 Menntastefnan

Í mati stýrihópsins er byggt á gögnum frá báðum skólunum, s.s. áðurnefndu stöðumati, sjálfsmatsskýrslum og upplýsingum á heimasíðu um skólanna. Þá er einnig byggt á niðurstöðum ráðgjafarfyrirtækja um fjárhagslegan ávinning af auknu samstarfi eða mögulegri sameiningu. Þeir þættir sem teknir eru til skoðunar eru húsnæði, inntökuskilyrði, námsframboð, stoðþjónusta og náms- og starfsumhverfi hjá nemendum og kennurum. Að lokum eru svo þættir s.s. nemendafjöldi, rekstur og niðurstaða stöðumatsins teknir til skoðunar.

Við matið liggur menntastefna stjórnvalda til ársins 2030 til hliðsjónar<sup>10</sup> og er þar sérstaklega horft til eftirfarandi þriggja af fimm meginstöðum stefnunnar:

- Jöfn tækifæri fyrir öll
- Hæfni fyrir framtíðina
- Vellíðan í öndvegi

Markmið um jöfn tækifæri fyrir alla snýr m.a. að aðgengi fyrir alla hópa og var einkum horft til eftirfarandi þátta:

- Aðgengi fyrir öll
- Starfsbrautir sem miðast við einstaklingsbundið og sérhæft nám
- Nám sem hentar nemendum með erlendan tungumála- og menningarbakgrunn
- Öflug stoðþjónusta
- Inntökuskilyrði

Markmið um hæfni fyrir framtíðina snýr m.a. að því að skólar bjóði upp á fjölbreytt nám og var þar einkum horft til eftirfarandi atriða:

- Efling iðn- og starfsnáms
- Menningarlæsi, móðurmál og samskipti
- Raungreinar og stærðfræði
- Skapandi greinar og listnám
- Geta skólans til að takast á við breytingar í samfélaginu, þ.m.t. starfsþróun starfsfólks

Markmið um vellíðan í öndvegi snýr m.a. að öflugri stoðþjónustu og farsæld nemenda.

Eftirfarandi er umfjöllun um mögulega sameiningu Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskólans á Akureyri sem er byggðar á skýrslum skólanna, eða öðrum upplýsingum frá þeim sem stýrihópurinn hafði aðgang að og skýrslum ráðgjafarfyrirtækja. Stýrihópurinn vill þakka skólastjórnendum, kennurum og starfsfólki þessara tveggja skóla fyrir framúrskarandi samstarf í þessari vinnu og fyrir afar gagnlegar umræður á fundum um viðfangsefni hópsins. Stýrihópurinn leitaðist við að taka þau sjónarmið sem fram komu inn í sína vinnu.

<sup>10</sup> Mennta- og barnamálaráðuneytið: [Menntastefna til ársins 2030](#)

### 3. Menntaskólinn á Akureyri

Menntaskólinn á Akureyri (MA) er ein af elstu menntastofnunum landsins. Saga skólans nær aftur til ársins 1880 með stofnun gagnfræðaskóla á Möðruvöllum í Hörgárdal. Eftir flutning skólans til Akureyrar 1902 var hann nefndur Gagnfræðaskólinn á Akureyri. Árið 1930 var farið að útskrifa stúdenta frá Menntaskólanum á Akureyri og hefur það verið gert allar götur síðan.

MA hefur frá upphafi verið bóknámsskóli með bekkjarkerfi og er það enn, en frá því á áttunda áratug liðinnar aldar hefur náminu verið skipt í áfanga eins og í bekkjalausum skólum. Við skólann starfa 83 starfsmenn. Núverandi húsnæði er 6.973 fm.

Námsbrautir MA eru mála- og menningarbraut, félagsgreinabraut, náttúrufræðibraut (sem skiptist á öðru ári í þrjár brautir: heilbrigðisbraut, náttúrufræðibraut og raungreina- og tæknibraut) og kjörnámsbraut í sviðslistum. Auk þess stunda nemendur nám á kjörnámsbraut (tónlist) í samvinnu við Tónlistarskólann á Akureyri.

**Tafla 3. Fjöldi nemenda á námsbrautum í MA 2022**

<b>Félagsgreinabraut</b>	192
<b>Heilbrigðisbraut</b>	102
<b>Kjörnám - sviðslistir</b>	39
<b>Kjörnámsbraut - tónlist</b>	10
<b>Mála- og menningarbraut</b>	38
<b>Náttúrufræðibraut</b>	140
<b>Raungreinabraut</b>	3
<b>Raungreina- og tæknibraut</b>	68
<b>Samtals</b>	<b>592</b>

Kennt er í bekkjum en námið er áfangaskipt. Samkvæmt nýjustu námskrá býður skólinn upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs, eða 200 framhaldsskólaeiningar, með valmöguleikum nemenda að taka stúdentspróf á lengri tíma, 3½ eða 4 árum.

### 3.1 Sérstaða

Elsta skólabygging MA, Gamli skóli, byggð 1904, er áberandi kennileiti á Akureyri. Menntaskólinn starfrækir fjölmenna heimavist í samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri. Menntaskólinn ásamt Verkmenntaskólanum og Háskólanum á Akureyri eru grunnur að því öflugra samfélagi sem nefnt hefur verið skólabærinn Akureyri. Bekkjafyrirkomulag í MA og heimavistin hafa verið grundvöllur að mikilli samheldni í skólasamfélaginu, m.a. hjá eldri nemendum sem halda mikilli tryggð við skólann.

Við Menntaskólann á Akureyri er hraðlína, þar sem teknir eru inn nemendur sem lokið hafa 9. bekk grunnskóla. Á fyrsta námsári ljúka þeir reglulegu námi fyrsta bekkjar og að loknu námi þennan fyrsta vetur ganga þeir til áframhaldandi náms eins og aðrir nemendur í fyrsta bekk. Með þessu ná góðir nemendur að takast á við krefjandi verkefni og flýta námi sínu til stúdentsprófs um eitt ár.

Menntaskólinn á Akureyri er bóknámsskóli með langa sögu. Skólinn er starfræktur með bekkjarkerfi sem byggir á áfangaskipulagi. Þangað sækja nemendur sem hafa a.m.k. B í einkunn á lokamati frá grunnskóla í íslensku, stærðfræði og ensku. Skólinn hefur lengi verið í fararbroddi framhaldsskóla hér á landi með því að bjóða upp á vandað og krefjandi bóknám til stúdentsprófs sem mörgum hefur reynst farsæll undirbúningur fyrir háskólanám jafnt hérlendis sem erlendis.

## 4. Verkmenntaskólinn á Akureyri

Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) tók til starfa árið 1984 í nýju húsnæði skólans við Hringteig á Eyrarlandsholti. Við stofnun skólans voru m.a. framhaldsdeildir Gagnfræðaskólans, Iðnskólinn á Akureyri, Hússtjórnarskólinn, Vélskólinn og útibú Tækniskólans sameinuð í einum skóla.

Fyrsta skólaárið voru nemendur 780 en tæpum 30 árum síðar voru þeir rúmlega 1.300. Síðustu ár hafa nemendur verið í kringum 1.000 og að auki stunda allt að 300 nemendur nám í fjarnámsdeild skólans á hverju skólaári. Við skólann starfa 160 starfsmenn. Núverandi húsnæði er 14.584 fm.

Starfsemi VMA einkennist af námsframboði fyrir alla nemendur, með áherslu á fjölbreytt nám, bæði iðn- og starfsnám ásamt hefðbundnu bóknámi. Skólinn er áfangaskóli með skipulagi sem gerir nemendum kleift að sníða námið að aðstæðum sínum og þörfum. Nemendur geta lokið stúdentsprófi á þremur eða tveimur og hálfu ári í stað þriggja en jafnframt geta nemendur tekið lengri tíma til að klára námið sitt, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Þá geta nemendur útskrifast af fleiri en einni braut.

Námsvalið sem nemendum stendur til boða er afar fjölbreytt; almennt nám, matvælanám, sjúkraliðabraut, vélstjórnarnám, starfsbraut, hársnyrtinám, byggingagreinar, rafiðngreinar, bifvélavirkjun og málmiðngreinar.

Tafla 4. Fjöldi nemenda í VMA á haustönn 2022 eftir námsbrautum

Félags- og hugvísindabraut	66
Fjölgreinabraut	81
Íþrótt- og lýðheilsabraut	50
Listnámsbraut - myndlist	85
Listnámsbraut - textíl	18
Náttúruvísindabraut	39
Viðskipta- og hagfræðibraut	42
Viðbótarnám til stúdentsprófs	4
<b>Alls á stúdentsprófsbrautum</b>	<b>385</b>
<b>Grunndeild rafiðna</b>	<b>82</b>
Rafvirkjun	16
Rafeindavirkjun	4
Matartækni	9
<b>Grunndeild matvælagreina</b>	<b>36</b>
Framreiðsla	13
Matreiðsla	10
Háriðn	19
Bifvélavirkjun	9
<b>Grunndeild málmiðngreina</b>	<b>73</b>
Húsasmiði (dagskóli og kvöldskóli)	82
Sjúkraliðar	42
Vélstjórn A, B, C og D réttindi	58
Vélvirkjun	3
<b>Alls iðn- og starfsnám</b>	<b>456</b>
<b>Sérnáms- og starfsnámsbrautir</b>	<b>75</b>
<b>Brautabré</b>	<b>28</b>
<b>Fjarnám</b>	<b>151</b>
<b>Iðnmeistaránám (í fjarnámi)</b>	
<b>Alls nemendur í námi</b>	<b>1193</b>
<b>Alls nemendur í staðnámi</b>	<b>944</b>
<b>Alls nemendur í fjarnámi</b>	<b>249</b>

Nemendur geta lokið stúdentsprófi af félagsfræðabraut, náttúrufræðabraut, listnámsbraut, íþrótta- og lýðheilsabraut, fjölgreinabraut og viðskipta- og hagfræðibraut en einnig geta nemendur lokið stúdentsprófi með eða að loknu öllu iðn- og starfsnámi við skólann. Skólinn er í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands um nám til stúdentsprófs í tengslum við búfræði og við Tónlistarskólann á Akureyri um nám til stúdentsprófs af fjölgreinabraut. Iðnmeistaránám er kennt við skólann í gegnum fjarnám. Skólinn hefur lagt mikla áherslu á að koma til móts við nemendur með brotna skólagöngu í grunnskóla til að auðvelda þeim að fóta sig í framhaldsskóla, m.a. með rekstri svokallaðrar brautarbrúar.

Um 80 nemendur eru í einstaklingsmiðuðu námi á starfs- og sérnámsbrautum skólans. Þar er lögð áhersla á að bjóða nemendum námstækifæri innan fjölbreyttra sviða skólans ásamt því að búa þau sem best undir sjálfstæða búsetu og störf.

## 4.1 Sérstaða

Verkmenntaskólinn er leiðandi í uppbyggingu iðn- og starfsnáms á landsbyggðinni og er ásamt Menntaskólanum og Háskólanum á Akureyri grunnur að því öflugum samfélagi sem nefnt hefur verið skólabærinn Akureyri. Skólinn hefur náð góðum árangri í að þróa samlegð á milli öflugs bóknáms og starfsnáms og undirbýr þannig nemendur til starfa í atvinnulífinu eða til áframhaldandi háskólanáms.

Fjölbreytni í námsframboði endurspeglast í nemendahópi skólans. Nemendur eru á öllum aldri, sérstaklega í iðn- og starfsnámi. Inntökuskilyrði inn á brautir skólans miðast við að markmiðum grunnskólans hafi verið náð en jafnframt hefur skólinn skipulagt áfanga og brautir miðað við þá námslegu stöðu sem nemendur skila við lok grunnskólagöngu. Skólinn tekur við nýnemum óháð námslegri stöðu þeirra ásamt því að byggja upp stoðkerfi í kringum þá nemendur sem þess þurfa.

Við skólann er öflugt fjarnám og hefur skólinn leiðandi framhaldsskóli hvað varðar þróun fjarnáms enda með þeim fyrstu skólum sem hófu kennslu í fjarnámi á Íslandi.

Í tengslum við iðn- og starfsnámið hefur skólinn átt í nánú samstarfi við atvinnulífið á starfssvæðinu til að tryggja að námið sé í takt við þarfir atvinnulífsins og til að auðvelda nemendum að komast í starfsþjálfun.

## 5. Niðurstöður stöðumatsins

Stöðumat Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskólans á Akureyri var unnið sitt í hvoru lagi, þar sem stjórnendum skólanna fannst það hentugra.

Menntaskólinn á Akureyri skilaði drögum að stöðumati 17. maí sl. og lokaskýrslu 26. júní sl. þar sem fram komu lykilupplýsingar um skólastarfið og helstu áherslur varðandi mögulega sameiningu skólanna. Skólinn leggst ekki gegn sameiningu en leggur áherslu á að markmið ráðherra með sameiningu þurfi að vera skýr.

Verkmenntaskólinn skilaði stöðumati , dags. 19. maí sl. Í þessu mati skólans er fjallað um aukna samvinnu MA og VMA, sameiningu MA og VMA, framtíðarsýn og birtar lykilupplýsingar um starfsemi skólans. Skólinn leggst ekki gegn sameiningu en leggur m.a. áherslu á skýr og útfærð markmið með sameiningu skólanna og námsframboð umfram það sem nú er.

Á fundi með stjórnendum beggja skólanna komu fram efasemdir um að aukið samstarf skólanna skilaði ætluðum ávinningi. Aukin samvinna þýddi flóknari verkferla og meiri vinnu stjórnenda tengt rekstri og umsjón með samvinnuverkefnum heldur en í sameinuðum skóla.

## 6. Niðurstöður könnunar ráðgjafarfyrirtækis

### 6.1 Rekstrarhorfur skólanna án sameiningar miðað við óbreyttan nemendafjölda og áhrif breytinga á nemendafjölda í samræmi við spá mennta- og barnamálaráðuneytisins

Ef miðað er við óbreyttan fjölda nemenda kemur fram í mati PwC að rekstur Menntaskólans á Akureyri er í talsverðum vanda. Á árinu 2021 var rekstrarhalli upp á 23 milljónir króna fyrir fjármagnsliði og um 84 m.kr. á árinu 2022. Að óbreyttu eru horfur á að hallinn á árinu 2023 stefni í rúmar 140 m.kr. þar sem skólinn tók inn 55 fleiri nemendur en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Rekstur Verkmenntaskólans á Akureyri hefur einnig verið að þyngjast s.l. ár en afkoma hans fyrir fjármagnsliði var neikvæð um rúmar 7 m.kr. árið 2021 og 31 m.kr. árið 2022. Í áætlun skólans fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir 32 m.kr. jákvæðri afkomu, en reksturinn hefur verið þungur sem af er ári. Frá árinu 2025 má gera ráð fyrir að rekstur skólans verði í jöfnuði. Fjölgi nemendum í takt við nemendaspá mennta- og barnamálaráðuneytisins má gera ráð fyrir að hagur skólans muni áfram batna.

Líkt og með aðra bóknáms- og starfsnámsskóla er ljóst að staða og horfur í rekstri skólanna er misjöfn sem rekja má til bæði stærðar þeirra og innri hagkvæmni ásamt því að líkleg þróun í samsetningu nemenda í bóknámi og starfsnámi hefur gagnstæð áhrif.



## 6.2 Samlegð af sameiningu skólanna í eina stofnun

Ráðgjafarfyrtækið PwC hefur lagt mat á samlegðaráhrif þess að sameina skólana og hefur í því mati miðað við að hægt verði að hagræða í yfirstjórn og bakvinnslu ásamt sameiningu fámennari áfanga/hópa í báðum skólum í stærri hópa í sameinuðum skóla. Teiknaðar eru upp tvær ólíkar sviðsmyndir, annars vegar m.v. að hægt verði að lækka launakostnað um strax um 4% sem vaxi síðan í 12% árið 2027 og annan rekstrarkostnað um 10%. Verði það gert má ætla að sparnaður við sameiningu skólanna verði um **402 m.kr.** á ári, þar af um 304 m.kr. vegna launa.

PwC lagði einnig mat á mildari hagræðingaraðgerðir þar sem miðað var við að launakostnaður myndi lækka strax um 2,5% sem myndi aukast í rúm 8% fram til 2027 og annar kostnaður myndi lækka um 5% einnig og var ábatinn af því talin vera um **269 m.kr.**, þar af 220 m.kr. vegna launa.

Ekki er gert ráð fyrir að beinn sparnaður verði í notkun húsnæðis til skemmri tíma litið en þar sem MA getur bætt við sig nemendum er ljóst að til lengri tíma litið má gera ráð fyrir að sameinaður skóli geti tekið á móti fjölgun nemenda án þess að þurfa að bæta við sig húsnæði í sama hlutfalli. Í undirbúningi er stækkun starfsnámshluta VMA en eðlilegt er að endurmeta þarfagreiningu skólans ef af sameiningu verður m.t.t. þess að laust húsnæði í MA verði nýtt betur og stækkunin taki mið af því.

Stýrihópurinn leggur áherslu á að hér er um að ræða hrátt mat á líklegum afrakstri þessara hagræðingaraðgerða. Til að ná þessari hagræðingu fram þarf ráðuneyti og stjórnendur skólans að standa vel að undirbúningi og framkvæmd sameiningarinnar og það mun taka nokkurn tíma að raungera þetta. Engar breytingar eru áformaðar á fjárveitingum til skólanna vegna sameiningarinnar og náist bætt fjárhagsstaða með þessari hagræðingu mun það fyrst birtast í bættri rekstrarafkomu hins sameinaða skóla og því svigrúmi sem hann hefur til að mæta þeim áskorunum sem hann stendur frammi fyrir.

## 6.3 Samantekt um ábata af sameiningu skólanna

Samtals má því vænta þess samkvæmt mati PwC að sameining skólanna **spari á bilinu 269–402 m.kr. á ári** í yfirstjórn og bakvinnslu og betri nýtingu kennara með stækkun þeirra áfanga/hópa sem nú eru með slaka nýtingu.

## 7. Mat stýrihópsins og tillögur

Tafla 5. Greining á stöðu skólanna

### HÚSNÆÐI OG NÁMSFRAMBOÐ

Skoðunatriði	Núverandi staða hjá:		Sameinaður skóli
	MA	VMA	
Húsnæði á einum stað	Já	Já	Nei
Húsnæði aðgengilegt fyrir alla	Já	Já	Já
Inntökuskilyrði	AB úr grunnskóla, C og C+ skoðaðar sérstaklega	Grunnskólapróf	Grunnskólapróf
Bóknám	Félagsgreinabraut, heilbrigðisbraut, mála- og menningarbraut	Félags- og hugvísindabraut, viðskipta- og hagfræðibraut, Fjölgreinabraut og stúdent að loknu starfsnámi	Félagsgreinabraut, heilbrigðisbraut, mála- og menningarbraut, viðskipta- og hagfræðibraut. Efling á námi í viðskiptagreinum.
Iðn- og starfsnám		Sjúkraliðanám, hársnyrtiiðn, vélstjórn, málmíðngreinar, bifvélavirkjun,, rafvirkjun, rafeindavirkjun, byggingagreinar, matvælagreinar. Kvöldskóli, dreifnám í iðn- og starfsnámi, iðnmeistaránám	Efla framboð á iðn- og starfsnámi á þeim grunni sem þegar er í VMA
Raungreinanám	Náttúrufræðibraut, raungreinabraut	Náttúruvísindabraut	Náttúrufræðibraut, raungreinabraut
Tækninám	Raungreina- og tæknibraut	Sjá einnig iðn- og starfsnám hér að ofan	Raungreina- og tæknibraut t.d. með áherslu á raungreinar, forritun, tölvuteikningu og megaronik Efling á tækninámi.
Listnám	Kjörnámsbraut, sviðslistir og tónlist	Listnáms- og hönnunarbraut, textíl lína og myndlistarlína	Listnáms- og hönnunarbraut. Mögulega nám í kvikmyndagerð og grafískri hönnun.
Íþrótt- og heilsutengt nám	Nei	Íþrótt- og lýðheilsabraut, íþróttastaða er ekki viðunandi. Skólinn hefur sent inn tillögur til ráðuneytis um byggingu íþróttahúss	Íþrótt- og lýðheilsabraut, efla námsframboð tengt heilsu- og vellíðunartengdu námi, s.s. á stúdentsprófsbrautum, sjúkraliðanámi, nuddnámi, háriðn og snyrtifræði. Mögulega nám á afreksíþróttabraut. Nauðsynlegt að byggja íþróttahús

<b>Undirbúningsnám á 1. þrepi</b>		Brautarbrú	Efling á brautarbrú
<b>Nýsköpun</b>			Nýsköpun sem skilar sér út í samfélagið
<b>Starfsbrautir</b>	Nei	Já	Já

### STOÐÞJÓNUSTA OG UMHVERFI HJÁ NEMENDUM OG KENNURUM

Skoðunaratriði	Núverandi staða hjá:		Sameinaður skóli
	MA	VMA	
<b>Stoðþjónusta</b>	Náms- og starfsráðgjöf, félagsmálaráðgjöf, sálfræðiþjónusta, bókasafn, tölvuþjónusta, mötuneyti og heimavist	Náms- og starfsráðgjöf, ráðgjöf um forvarnir, sálfræðiþjónusta, hjúkrunarfræðingur, verkefnastjóri erlendra nemenda, umsjón með nýnemum, bókasafn, tölvuþjónusta, mötuneyti og heimavist	Hagræðing í rekstri tölvu- og upplýsingakerfa og rekstri húsnæðis. Efling á stoðþjónustu sem taki mið af lögum um farsæld og skólaþjónustu
<b>Starfsumhverfi starfsfólks</b>	Heildareinkunn skólans hjá Stofnun ársins 2022 er 4,12 – 19. sæti af 27. Bæta þarf aðbúnað starfsfólks	Heildareinkunn skólans hjá Stofnun ársins 2022 er 3,92 – 23. sæti af 27. UT mentorar en almennt séð þarf að bæta aðbúnað starfsfólks.	Stuðningur og efling starfsþróunar kennara og stjórnenda
<b>Námsumhverfi nemenda</b>	. Bæta þarf aðbúnað nemenda	. Bæta þarf aðbúnað nemenda.	Bætt námsumhverfi fyrir nemendur. Verkefnabundið leiðsagnarnám og fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir
<b>Áhersla á að takast á við samfélagslegar/menntunarlegar áskoranir</b>	Skólinn hefur samþykkt ýmsar stefnur er varða samfélagslegar og menntunarlegar áskoranir	Mikil áhersla á að samþætta bóknám, verknám og iðnám. Skólinn hefur samþykkt ýmsar stefnur er varða samfélagslegar og menntunarlegar áskoranir	Mögulega meira bolmagn til að takast á við samfélagslegar og menntunarlegar áskoranir. Áhersla á umhverfis- og loftslagsmál, aukin samvinna við atvinnulífið, einkum orkugeirann

## NEMENDAFJÖLDI, REKSTUR OG FÝSILEIKAKÖNNUN

Skoðunatriði	Núverandi staða hjá:		Sameinaður skóli
	MA	VMA	
<b>Horfur varðandi nemendafjölda og skiptingu í bóknám/ iðn- og starfsnám</b>	Vegna fækkunar í væntanlegum yngri árgöngum nemenda er fækkun bóknámsnemenda fyrirsjáanleg	Nemendum í bóknámi hefur fækkað og færri í fjarnámi en áður. Aukið kvöld- og lotunám fyrir eldri nemendur í iðn- og starfsnámi	Fjölbreytt námsframboð ætti að vinna gegn sveiflum í aðsókn að bóknámi og verknámi, fjölbreyttari nemendahópur
<b>Fjárhagur og rekstur</b>	Í skýrslu PwC kemur fram það álit að rekstur skólans sé í vanda og versnandi rekstrarhorfur að óbreyttu	Rekstur skólans hefur verið að þyngjast undanfarin ár en með fjölgun nemenda í iðn- og starfsnámi má gera ráð fyrir að rekstur skólans nái jöfnuði á næstu árum	Sameining skólanna gæti skilað umtalsverðri hagræðingu
<b>Niðurstaða fýsileikakönnunar frá skóla</b>	Skólarnir skiluðu stöðuskýrslu sitt í hvoru lagi	Skólarnir skiluðu stöðuskýrslu sitt í hvoru lagi	Skýr markmið og útfærð verða að vera með sameiningu skólanna af hálfu ráðuneytis. Hvaða námsframboð verður til í sameinuðum skóla sem ekki yrði að óbreyttu? Hvað viljum við fá inn í starf sameinaðs skóla? Skólarnir leggjast ekki gegn sameiningu.
<b>Aðrir þættir</b>		Skólinn er með ISO-9001 vottun	

## 8. Niðurstöður

### 8.1 Óbreytt ástand

Það er mat stýrihópsins að það væri slæmur kostur fyrir framhaldsmenntun á Norðurlandi eystra að freista þess að viðhalda óbreyttu ástandi. Líkleg afleiðing verður að þjónusta við nemendur og kennara muni versna frá því sem nú er, einkum í Menntaskólanum á Akureyri sem þegar glímur við rekstrarvanda og gæti þurft að grípa til erfiðra ákvarðana til að hagræða í sínum rekstri. Líklegt er að það muni koma niður á valkostum nemenda, ýmist í valáföngum eða námsbrautum. Að óbreyttu mun skólinn ekki hafa nægilegt bolmagn til að mæta þeim áskorunum sem leiða af menntastefnunni og örum breytingum í samfélagsgerðinni.

Staða VMA er að sumu leyti skárri, en stærðar sinnar vegna hefur hann náð meiri hagkvæmni í sínum rekstri og horfur á því að sú staða muni batna með líklegri fjölgun nemenda. Skólinn er því betur í stakk búinn til að mæta þeim áskorunum sem hann stendur frammi fyrir.

### 8.2 Sameining

Stýrihópurinn telur að sameining skólanna í einn öflugasta framhaldsskóla á landinu væri mikið framfaraspor fyrir stöðu menntunar á framhaldsskólastigi bæði á Norðurlandi eystra og landinu öllu. Til yrði 1.800 nemenda skóli með mjög fjölbreyttu og öflugnu námsbrauta- og námsvali fyrir nemendur á öllum aldri. Til viðbótar við nám til stúdentsprófs og námi í iðn- og starfsnámi verða til tækifæri til að flétta saman ýmsum námsbrautum á sviði bóknáms, listgreina og starfsgreina á grundvelli STEAM-hugmyndafræðinnar. Skólinn mun veita ungu fólki alveg nýja valkosti til að auðvelda þeim að undirbúa sína framtíð í síbreytilegum heimi.

Samhliða þessari uppbyggingu þyrfti að koma til styrking á stoðþjónustu og þróunarstarfi innan skólans, með áherslu á símenntun og starfsþróun starfsfólks.

Stýrihópurinn gerir sér vel ljóst að sameining tveggja ólíkra skóla felur í sér margvíslegar áskoranir. Með sameiningunni þarf að hafa að leiðarljósi að hinn sameinaði skóli bjóði upp á öflugra nám en skólarnir sitt í hvoru lagi. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að vanda til verka enda verkefnið mikilvægt og umfangsmikið. Markmið eiga að vera skýr og afmörkuð. Lykilatriði er að skólastjórnendur virki starfsfólk, nemendur, foreldra og nærsamfélagið. Þá þarf að leggja áherslu á samráð við nærsamfélagið t.d. atvinnulíf, háskóla, sveitarstjórnir, fyrrum nemendur o.fl. Mikilvægt er að viðurkenndum aðferðum við breytingastjórnun verði fylgt og verkinu verði áfangaskipt með skýrri tímalínu.

## 9. Viðauki – fylgiskjöl

Hér á eftir eru birt eftirfarandi fylgiskjöl:

Erindisbréf stýrihópsins.

Verkmenntaskólinn á Akureyri. Stöðumat - Vinnuskjal unnið fyrir stýrihóp Mennta- og barnamálaráðherra um eflingu náms á framhaldsskólastigi. Benedikt Barðason aðstoðarskólameistari VMA og Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari VMA tóku saman í samstarfi við skólameistara og aðstoðarskólameistara MA. 19. maí 2023

Stöðuskýrsla MA, júní 2023.

PriceWaterhousCoopers, minnisblað um mat á fjárhagslega hagkvæmni við sameiningu framhaldsskólana MA (Menntaskólinn á Akureyri) og VMA (Verkmenntaskólinn á Akureyri), júní 2023.

Bréf Skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara, 3. maí 2023.

Svar stýrihópsins til Skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara, 9. maí 2023.

Svar Skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara við beiðni Stýrihópsins um umsögn við frumvarp um nýja Mennta- og skólaþjónustustofu, 12. júní 2023.

Bréf stýrihóps til Skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara, 28. júní 2023.



Þorsteinn V Gunnarsson  
Löngulínu 11  
210 Garðabær

Reykjavík 28. apríl 2023  
Tilv.: MRN23040094/2.3.2

Efni: Skipun í stýrihóp um eflingu framhaldsskóla

Mennta- og barnamálaráðherra skipar yður hér með í stýrihóp um eflingu framhaldsskóla. Stýrihópnum er falið að móta og leggja fram tillögur að aðgerðum sem snúa að framtíðarskipulagi framhaldsskólakerfisins og mæta samfélagslegum, faglegum og fjárhagslegum áskorunum framhaldsskólanna. Skólarnir standa frammi fyrir breytingum þar sem gera má ráð fyrir að nemendum í bóknámi muni fækka á komandi árum, bæði vegna fámennari árganga og vegna aukins hlutar starfs- og verknáms. Þetta kallar á breytingar á skipulagi, nýtingu húsnæðis og tilfærslu fjármuna innan kerfisins sem nýtast við að efla stuðning við nemendur og auka skólaþróun. Stýrihópnum er falið að meta rekstrarforsendur framhaldsskólanna með hliðsjón af fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar 2024–2028 og gera tillögur að úrbótum þar sem við á. Við mótun aðgerða skal hópurinn sérstaklega hafa í huga að tryggja og efla gæði náms sem búi nemendur undir samfélagslegar áskoranir í síbreytilegum heimi auk þess að skólarnir hafi getu til að þjónusta fjölbreyttan hóp nemenda.

Vinna hópsins skal taka mið af markmiðum menntastefnu stjórnvalda til 2030 og stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um eflingu verk- og starfsnáms. Hópurinn skal vinna að þeirri sýn að veitt skuli framúrskarandi menntun í umhverfi þar sem öll geta lært og öll skipta máli og skal hópurinn eiga náð samráð við skólastjórnendur, kennara, nemendur og aðra hagaðila við mótun aðgerða. Jafnframt skulu tillögur hópsins byggja á markmiðum stjórnvalda um að auka farsæld barna og ungmenna, m.a. með samþættingu kerfa, aukinni skólaþjónustu og hagræðingu, eftirfylgni og samvinnu.

Hópurinn skili tillögum til ráðherra í áföngum í maí, ágúst og október 2023.

Stýrihópurinn er þannig skipaður:

Þorsteinn Gunnarsson, kt. 211053-3059,  
Sigríður Hallgrímsdóttir, kt. 150171-3699,  
Anna María Gunnarsdóttir, kt. 270367-4459,  
Gylfi Arnbjörnsson, kt. 120558-4559,  
Hafþór Einarsson, kt.170379-3069.

Hópurinn er leiddur af Þorsteini og Sigríði. Stýrihópur skal ekki stofna til kostnaðar án heimildar ráðuneytisins. Formenn bera ábyrgð á að fundargerðum og niðurstöðum nefndarstarfs sé skilað til ráðuneytisins, sjá nánar á vef ráðuneytisins undir Reglur um skil á nefndargögnum.

Ásmundur Daðason

Ásmundur Einar Daðason  
mennta- og barnamálaráðherra

Anna

Anna Tryggvadóttir  
skrifstofustjóri



Verkmenntaskólinn á Akureyri

Stöðumat

Vinnuskjal unnið fyrir stýrihóp Mennta- og barnamálaráðherra um eflingu náms á framhaldsskólastigi.

Benedikt Barðason aðstoðarskólameistari VMA og Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari VMA tóku saman í samstarfi við skólameistara og aðstoðarskólameistara MA.

19. maí 2023

## 1. Inngangur

Þann 24. apríl 2023 sendi mennta- og barnamálaráðherra skólameisturum VMA og MA beiðni um þátttöku í starfi stýrihóps um eflingu framhaldsskólastigsins vegna framhaldsskólanna á Akureyri og eftir atvikum á Norðurlandi eystra. Stýrihópurinn hefur það hlutverk móta aðgerðir til að ná markmiðum menntastefnu stjórnvalda til 2030 og stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um eflingu verk- og starfsnáms. Í störfum sínum mun stýrihópurinn eiga náð samráð við skólastjórnendur og skipuleggja í samráði við þá nánara samráð við kennara, nemendur og aðra hagaðila við mótun aðgerðanna.

Verkefnið er að móta og leggja fram tillögur að aðgerðum sem snúa að framtíðarskipulagi framhaldsskólanna þannig að þeir geti betur mætt samfélagslegum, faglegum og fjárhagslegum áskorunum sem þeir standa frammi fyrir. Undir forystu skólameistaranna og í samvinnu við stýrihópinn er þessi stöðuskýrsla lögð fram.

Fyrsti hluti verkefnisins lýtur að gagnasöfnun um námsframboð, mannauð og húsnæði skólanna auk framlagningar fyrstu hugmynda um framtíðarsýn skólustarfs MA og VMA. Skólameistarar VMA og MA ásamt aðstoðarskólameisturum skólanna hafa hist á þremur fundum til að fara yfir verkefni er stýrihópurinn lagði til á fundi með skólameisturum í apríl. Á fundinum með stýrihópnum kom fram að afla þyrfti gagna um skólana út frá fjórum megin þáttum; námsframboði, húsnæði, starfsfólki og framtíðarsýn. Skólarnir tóku saman gögn og leggja fram þessi vinnugögn til stýrihópsins.

Ástæða er til að huga að viðbrögðum skólanna við fækkun nemenda á framahaldsskólaaldri á upptökusvæði VMA og VMA og breytingu á fjölda nemenda í verk- og bóknámi. Í byrjun febrúar 2023 lagði mennta- og barnamálaráðuneytið fram gögn um að búast megi við fækkun nemenda á næstu árum á upptökusvæði MA og VMA. Einnig var nefnd breyting í framhaldsskólunum sem þegar er farin að sjást en það er fækkun nemenda í bóknámi og fjölgun á verknámi. Árið 2017 voru 27,5% nemenda í framhaldsskólum í verk-, tækni- og listnámi og hafði sú tala hækkað í 33,5% árið 2022. Reiknað er með að inna 10 ára verði hlutfallið orðið yfir 42% ef fram heldur sem horfir. Í ljósi þessarar þróunar hafði ráðuneytið frumkvæði að samtali við skólameistara MA og VMA hvort vilji væri fyrir því að auka samstarf skólanna til að standa vörð um og efla eftir atvikum framhaldsskólustarf á Akureyri.

Rætur skólaþróunar liggja ávallt til nemandans og hagsmuna hans. Umræða um aukna samvinnu VMA og MA eða sameiningu ættu einnig að byggja á hagsmunum nemenda. Stærsti einstaki áhrifavaldurinn í námi nemenda er nú sem áður starfshættir kennara. Þótt fleira komi til eins og efnahagur, félagsleg staða eða menntun foreldra þá vega starfshættirnir þýngst. Því ætti umræðan að grundvallast á þeim. Auðvelda leiðin til að styrkja skólustarf er að leggja til skipulagsbreytingar, leita leiða til að hagræða í rekstri eða fækka starfsfólki. Í þessu verkefni er það ekki markmiðið heldur hvernig samfélagslegum, faglegum og fjárhagslegum áskorunum verður mætt sem og hvernig skólarnir geti komið sem best til móts við þarfir nemenda í samfélagi sem hefur tekið og mun taka hröðum breytingum.

## 2. Aukin samvinna VMA og MA

Í hverju felst aukin samvinna?

- Samkeyra stundaskrár
- Samkeyra stoðþjónustu
- Kennsla og nám fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku
- Samþætta bók-, list-, iðn og starfsnám í auknum mæli
- Samkeyra gæðakerfi
- Auka námsval
- Auka sveigjanleika
- Sameina í stjórnun skólanna þar sem það er raunhæft
- Sameiginlegt mötuneyti
- Samkeyra þjónustusamninga (sameiginleg útboð)
- Samkeyra rekstur húsnæðis

### Breytingar kosta

Hvernig mun mennta- og barnamálaráðuneyti skilgreina samstarf milli skóla út frá reiknilíkani og framlögum til skólanna? Það verður að vera hvati í því fyrir báða skóla að auka samstarf og það þarf að vera á hreinu hvernig kostnaði er skipt í sameiginlegum verkefnum. Þær skilgreiningar verða að koma miðlægt frá ráðuneytinu. Samvinna gefur frekari möguleika á auknu námsframboði og eykur fjölbreytileika í störfum kennara. Mannauður og reynsla nýtist betur en óvissa um að það hafi áhrif á rekstur með jákvæðum hætti. Meiri vinna stjórnenda tengt rekstrinum og ut anumhaldi um hann.

## 3. Sameining MA og VMA

Ef skólarnir sameinast í einn skóla þá þarf að velta fyrir sér að auki við upptalningu í kafla 2.

- Skýr markmið og útfærð verða að vera með sameiningu skólanna af hálfu ráðuneytis
- Gera þarf SVÓT-greiningu með hagsmunaaðilum, innri sem ytri
- Hvaða námsframboð verður til í sameinuðum skólum sem ekki yrði að óbreyttu?
- Hvaða breytingum viljum við ná fram í starfsháttum kennara?
- Hvað er það í námsumhverfi nemenda sem bregðast þarf betur við en nú er gert og er jafnframt betra að framkvæma í sameiðunum skóla?
- Hvað þýðir einn skóli varðandi menningu skólanna?
- Hvað í starfsháttum og menningu skólanna er eftirsóknarvert að halda?
- Sameining starfsmannahópsins og aðgerðir til þess?
- Hvað viljum við fá inn í starf sameinaðs skóla sem ekki er núna?

### Breytingar kosta

Það þarf hvata inn í vinnuna - starfsþróun kennara og innleiðing breytinga munu kosta.

Mesta hagræðingin líklega í hagkvæmni í 3. máli, einstaka faggreinum á 3. þrepi og valáfangar verða fleiri. Meiri líkur á því að námsframboð fyrir ungt fólk á Akureyri verði fjölbreyttara, bæði á stúdentsprófsbrautum og í starfsnámi. Hagræðing í tengslum við minni og stærri verkefnastjórnun, stoðþjónustu, rekstur tölvu- og upplýsingakerfa, rekstur húsnæðis.

#### 4. Framtíðarsýn

- Efla námsframboð tengt heilsu- og vellíðunartengdu námi, s.s. á stúdentsprófbrautum, sjúkraliðanámi, nuddnámi, háriðn, snyrtifræði, fótaaðgerðafræði og stuttum starfsnámi á heilbrigðis- og sjúkrastofnunum.
- Efla framboð á iðn- og starfsnámi, kvöldskóli, dreifnám.
- Verkefnabundið leiðsagnarnám og fjölbreyttar kennslu og námsmatsaðferðir
- Stuðningur og efling starfspróunar kennara og stjórnenda
- Eftirsóttur skóli og vinnustaður
- Nýsköpun sem skilar sér úr í samfélagið
- Aukið húsnæði fyrir iðn- og starfsnám ásamt breytingum á núverandi húsnæði
- Nýtt íþróttahús/fjölnotahús á lóð skólans
- Vera leiðandi framhaldsskóli á landsbyggðinni hvað varðar þróun náms og starfshátta í skólastarfi

#### 5. VMA – samantekt/stöðumat

Hlutverk skólans skv. 2. gr. laga um framhaldsskóla [nr. 92/2008](#).

Hlutverk skólans í menntun, uppeldi og námi nemenda er að:

- bjóða nemendum námsleiðir við hæfi
- skapa nemendum jákvætt og uppbyggilegt umhverfi til menntunar, uppeldis, náms og leiks
- búa nemendur undir framhaldsnám og sérhæfð störf
- búa nemendur undir þátttöku í samfélaginu

Hlutverk skólans í nærsamfélaginu og/eða samfélaginu almennt er að:

- stuðla að eflingu atvinnulífs með því bjóða fjölbreyttar námsleiðir í starfs- og iðnnámi og góðan undirbúning undir almenn og sérhæfð störf
- bjóða íbúum upp á fjölbreyttar námsleiðir
- stuðla að eflingu háskólastigsins með því að búa nemendur vel undir frekara nám
- stuðla með starfsemi sinni að hærra menntunarstigi samfélagsins
- tryggja með starfsemi sinni grunnþjónustu við íbúana og treysta þannig búsetuskilyrði og undirstöður velferðar í nærsamfélaginu

## Gildi

Nemendur eru hornsteinn Verkmenntaskólans. Það að þeir þroskist, öðlist sjálfstraust, líði vel, tilheyri hópnum og tileinki sér ákveðna leikni, þekkingu og hæfni skiptir mestu máli. Til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda býður Verkmenntaskólinn uppá fjölbreyttar námsleiðir, góða þjónustu og mikinn stuðning við nemendur. [Gildi skólastarfsins og einkunarorð](#) skólans eru: **Fagmennska - Fjölbreytni - Virðing.**

## Stefnur

- Skólinn hefur sett sér stefnur og útbúið áætlanir eins og lög og reglugerðir gera ráð fyrir. Yfirlit yfir helstu [stefnur og áætlanir](#) eru á heimasíðu skólans.
- Skólinn er með ISO-9001 vottun og Jafnlaunavottun.
- Síðasta [ytri úttekt á VMA](#) fór fram á vorönn 2018.

## Bæjarfélagið - nærsamfélagið

Lengi hefur Akureyri verið kölluð *skólabærinn Akureyri*, ekki síst vegna Menntaskólans á Akureyri og þess bæjarbrags sem skólinn skapaði löngum. Hann mótaði sér frá upphafi árið 1904 sérstöðu og nemendur frá honum báru nafn hans hátt. Verkmenntaskólinn á Akureyri tók til starfa árið 1984 eftir sameiningu Iðnskólans, Vélskólans, Hússtjórnarskólans og útibú Tækniskólans ásamt framhaldsdeild Gagnfræðaskóla Akureyrar, í nýju húsnæði við Hringteig á Eyrarlandsholti.

VMA og MA eru, hvor á sinn hátt, eru merkisberar vandaðrar menntunar á Akureyri með á bilinu 1.500-1.800 nemendur og rúmlega 200 starfsmenn. Starfsemi skólanna skiptir bæjarfélagið miklu máli og þjónar mikilvægu hlutverki svo hægt verði að bjóða íbúum fjölbreytt og vandað nám á öllum skólastigum.

Festir nemendur skólanna koma frá Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu en upptökusvæði skólanna nær lengra aðallega til sveitarfélaga á starfssvæði SSNE í vestur og austur en líka frá öðrum svæðum á landinu.

## Húsnæði VMA

- Húsnæðið er byggt á árunum 1982 og vel fram á tuttugustu öldina í u.þ.b. tíu áföngum.
- Við stofnun skólans 1984 voru m.a. framhaldsdeildir Gagnfræðaskólans, Iðnskólinn á Akureyri, Hússtjórnarskólinn, Vélskólinn og útibú Tækniskólans sameinuð í einum skóla, VMA.
- VMA er starfræktur í um 14,584 fermetra húsnæði að Hringteigi 2 á Akureyri. Skólinn er að mestu leyti á einni hæð en kjallari undir húsinu er að mestu ónýttur þar sem skortir á lofthæð ásamt því að vera aðallega stokkar með lagnaleiðum. Rými í G-álmú (listnámsbraut) er á annarri hæð.

- Í húsnæðinu fer fram kennsla í iðn-, starfs-, list- og bóknámi ásamt kennslu á starfsbraut og á Brautarbrú (framhaldsskólabraut). FabLab smiðja er í húsnæði skólans.
- Um 80 kennslustofur eru í skólanum, líkamsræktarsalur, samkomusalir (Gryfja og M01) og skólabókasafn. Mötuneyti er í skólanum fyrir nemendur sem starfsfólk hefur einnig aðgang að.
- Skrifstofuaðstaða er í A-álmú, vinnurými kennara og stjórnenda ásamt minni og stærri kaffi- og mötuneytisaðstöðu, aðstaða fyrir stoðþjónustu sem er dreifð um skólann.
- Skólinn leigir húsnæði Íþróttahallarinnar á Akureyri til íþróttakennslu á íþrótt- og lýðheilsubraut en mjög er þrengrt að húsnæði sem skólinn getur nýtt til íþróttakennslu.
- Hvorki VMA né MA hafa aðgang að ásættanlegu íþróttahúsi og íþróttastöðu sem þarf til fyrir nemendahópinn.
- Ríkiseignir annast viðhald húsnæðis. VMA skilaði ítarlegri húsnæðisskýrslu til ráðuneytisins í desember 2020 og hefur óskað eftir stækkun á húsnæði skólans til ráðherra.
- Búið er að deiliskipuleggja lóð við suðurenda hússins fyrir skólabyggingar. Kort af húsnæði skólans er á [heimasíðunni](#).
- Ástand skólans er almennt gott og hann hefur fengið gott viðhald í ágætu samstarfi við Ríkiseignir í gegnum tíðina. Á móti kemur að þar sem skólinn er byggður í mörgum áföngum breytist margt milli byggingaráfanga og er því margt í húsnæðinu barn síns tíma í skipulagi, innveggjum, rafmagni, loftræsingu, breytttri námskrá í iðngreinum og fleira. Rými í G-álmú (listnámsbraut) er á annarri hæð en nýtist illa vegna halla á þaki og allt of mikið rými fer undir súð. Á síðustu árum hafa kennslustofur sem hannaðar voru í upphafi sem bóknámsstofur verið teknar undir kennslu á starfsbraut og í iðn- og starfsnámi. Þessar tilfærslur á kennslustofum hafa sína galla þar sem er verið að setja inn iðn- og starfsnám í stofur sem hannaðar voru sem bóknámsstofur.
- Í hugmyndum sem ráðherra kynnti í vetur um uppbyggingu skólahúsnæðis í iðn- og starfsnámi var VMA sett á hönnunarfasa á árinu 2023. Mjög mikilvægt er að fara í þarfagreiningu á húsnæði skólans, bæði til að gera breytingar á núverandi húsnæði og byggja við sérstaklega tengt námi í byggingagreinum, rafiðn og háriðn.

## Skipulag

- **Skólanefnd** er skipuð af ráðherra samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Núverandi skólanefnd var skipuð vorið 2021 og er formaður skólanefndar Sverre Björnsson. [Nánar](#) um fulltrúa í skólanefnd VMA.
- [Skipurit](#) – sjá á heimasíðu skólans.

## Mannauður

Starfsmenn VMA, starfsheiti og fjöldi á vorönn 2023. Ath. Allmargir eru í hlutastarfi

Starfsheiti	Fjöldi	Stöðugildi (án yfirvinnu)
Aðstoðarskólameistari	1	1
Áfangastjóri	1	1
Bókasafn og erlend samskipti	2	2
Bókhalds- og þjónustufulltrúi	1	1
Brautarstjóri* (kennarar)	10	1.87
Fagstjóri* (kennarar)	9	0.62
Viðburðastjóri	1	0.5
Fjarnámskennari	6	1
Iðjuþjálfari	1	0.75
Kennari**	103	96.51
Náms- og starfsráðgjafar	2	1.75
Rekstrar- og fjármálastjóri	1	1
Mannauðsstjóri	1	1
Sálfræðingur	1	0.75
Skólameistari	1	1
Gæða- og verkefnastjóri (jafnréttisf.)	1	1
Upplýsingatæknifulltrúi	1	1
Stuðningsfulltrúi	7	6
Stundakennari	1	0.1
Nýnemaumsjón* (kennarar)	16	0.6
Sviðsstjóri	3	3
Þjónustuliði	6	6.2
Umsjónarmaður fasteigna	2	2
Verkefnastjóri með þrifum/innkaup	1	1
Verkefnastjóri með erlendum nemendum	1	0.6
UT-mentorar (f. starfsfólk)	4	0.13
Forvarnarfulltrúi	1	0.1
Alls starfsmenn	145	133.48
* brautarstj. STB 66%		
**Með kennsluafslætti - án fag- og brautarstjórnar		

- **Stjórnendur** - skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, sviðsstjórar (3), rekstar- og fjármálastjóri, gæða- og verkefnastjóri, mannauðsstjóri.
- **Millistjórnendur** - fag- og brautarstjórar (hafa ekki mannaforráð nema á starfsbraut)

- **Kennarar**
- **Stoðþjónusta**
  - **Náms- og starfsráðgjöf** - tveir í 1,75 stöðugildi
  - **Sálfræðiþjónusta** - sálfræðingur í 75% starfi
  - **Hjúkrunarfræðingur** - frá haustönn 2022 í samstarfi við HSN, viðvera og þjónusta í 20% hlutfalli (fær laun frá HSN).
  - **Sérúrræði fyrir nemendur** - ýmis úrræði tengt nemendum á starfsbraut, sérnámsbraut og brautarbrú. Sérúrræði tengt námsmati, hljóðbækur, greiningaferli komið í farveg ef þarf, aðgangur að ýmsum forritum (sérnámsbraut).
  - **Forvarnir** - Forvarnarfulltrúi í ca 10% stöðu, umsjónarkennarar. Forvarnarteymi fundar vikulega en í því teymi eru námsrágjafar, forvarnarfulltrúi, sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur. Málum komið i farveg á þeim fundum. Ýmsir fyrirlestrar, bæði opnir og í kennslustundum haldnir í skólanum á vegum aðila í forvarnarteymi eða einstaka kennara.
  - **Bókasafn** - almenn bókasafnsþjónusta, aukið vægi UT-aðstoðar, hægt að fá leigð tæki og tól s.s. fartölvur, safnakennsla til nýnema, lesrými, vinnuaðstaða og næðisaðstaða. Tveir starfsmenn, annar er með verkefnastjórn með erlendum samstarfsverkefnum og forstöðumaður bókasafns kemur að skjalastýringarkerfi skólans og aðstoðar þá sem nota það kerfi.
  - **Skrifstofa** – Almenn skrifstofu þjónusta við nemendur og starfsfólk, mannauðsstjóri, gæða- og verkefnastjóri, rekstar- og fjármálastjóri og bókhalds- og þjónustufulltrúi. Upplýsingatæknifulltrúi sem þjónustar nemendur og starfsfólk er með aðstöðu á skrifstofu skólans.
  - **Heimavist** – Lunudur sjálfseignastofnun, allur rekstur tengt heimavist án aðkomu VMA fyrir utan millifærslu fjármagns af fjárlögum VMA yfir til heimavistar.
  - **Mötuneyti** - rekstraraðilar sem núna er Mötuneyti MA. Matur eldaður að mestu í Mötuneyti MA (sem líka er mötuneyti nemenda MA og íbúa heimavistar) en afgreiddur héðan. Opin “sjoppa” yfir daginn. Unnið eftir markmiðum Heilsueflandi framhaldsskóla.


## Nám og nemendafjöldi

Nemendum hefur fækkað í skólanum á síðustu árum en aðallega á stúdentsprófsbrautum. Á sama tíma er aukinn fjöldi á sérnáms- og starfsbraut skólans og mikil aðsókn iðn- og starfsnám. Aðsókn á brautir getur verið rokkandi á milli ára. Nám í rafvirkjun og húsasmíði er í kvöldskóla og ýmsar minni iðnnámsbrautir verið skipulagðar í lotu og helgarnámi.

Nemendafjöldi eftir brautum eftir 3 vikur – eftir helstu námsleiðum. Nánar um nemendafjölda skólans á heimasíðu <https://www.vma.is/is/skolinn/innra-og-ytra-mat/tolur-um-nemendur-vma>



Flokkur	16h	17v	17h	18v	18h	19v	19h	20v	20h	21v	21h	22v	22h	23v
Stúdent	605	576	515	472	485	684	413	393	539	540	398	344	385	313
Iðn/starfsnám	507	441	459	424	480	458	418	425	475	448	497	434	463	423
Starfsbraut	48	44	41	39	54	50	54	52	65	59	75	71	75	64
Fjarnám	196	201	262	290	175	220	260	177	29	37	156	173	151	170



## Námsbrautir í VMA

### Iðn- og starfsnámsbrautir:

- Rafvirkjun fyrir vélfræðinga, Bifvélavirkjun, Blikksmíði, Dreifnám í húsasmíði, Dreifnám í rafvirkjun, Framreiðsla, Grunnám bygginga, Grunnám háriðna, Grunnám matvæla- og ferðagreina, Grunnám málmiðna, Grunnám rafiðna, Hársnyrtiðn, Húsasmíði, Húsgagnasmíði, Kjötiðn, Matartækni, Matreiðsla, Málaraíðn, Múriðn, Pípulagnir, Rafeindavirkjun, Rafvirkjun, Sjúkraliðabraut, Stálsmíði, Vélstjórn A, Vélstjórn B, Vélstjórn C, Vélstjórn D, Vélvirkjun.

### Starfsbraut, Sérnámsbraut,



### Stúdentsprófsbrautir:

- Félags- og hugvísindabraut, Fjölgreinabraut, íþrótt- og lýðheilsabraut, Viðbótarnám til stúdentsprófs að loknum íþrótt-, iðn- og starfsnámsbrautum, Viðskipta- og hagfræðibraut, Náttúruvísindabraut.
- Listnámsbraut – Myndlist, Listnámsbraut – Textíll. Tónlistarbraut í samstarfi við Tónlistaskólann á Akureyri.

**Annað nám:**

- Iðnmeistaránám
- Almenn braut/brautabré
- Fjarnám almennar greinar
- Iðngreinakynning grunnskólanema

Brautskráðir nemendur VMA á árunum 2017 – 2022 eftir helstu námsleiðum.





Nýting á námshópum miðað við hópastærðir í verklegu, fagbóklegu og bóklegu námi.

Nýting á námshópum	2019 H	2020 V	2020 H	2021 V	2021 H	2022 V
12 nemenda	87%	88%	98%	88%	90%	90%
15 nemenda	97%	95%	97%	91%	94%	91%
25 nemenda	91%	95%	96%	96%	89%	90%
Meðalnýting á námshópum	92%	93%	97%	91%	91%	90%


Líðan nemenda í skólanum og mat á undirbúningi undir frekara nám.

Þjónustukönnun	2016 V	2018 H	2020 V	2022 H
Í skólanum líður mér vel (% svara oftast eða alltaf)	83%	86%	88%	82%
Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf (% svara mjög eða frekar sammála)	87%	90%	88%	91%


Mat nemenda á kennslu í kenndum áföngum í skólanum

Kennslukönnun	21H	22V	22H	23V
Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum (% sem svara mjög eða frekar sammála)	88%	87%	87%	86%

Lögheimili nemenda í byrjun haustanna, fjöldi og hlutfall eftir landssvæðum.



## Lögheimili nemenda í byrjun haustanna, fjöldi og hlutfall eftir landssvæðum.



**Aldur nemenda og kyn á haustönn 2022**, með kvöld- og dreifnámi en án fjarnáms. Um 64% karlkyns, um 36% kvenkyns en um 0,5% kynsegin.



Nemendum með annað ríkisfang en íslenskt hefur fjölgað umtalsvert undanfarin ár. Á vordögum 2023 eru 52 nemendur skráðir með annað ríkisfang en íslenskt í VMA, þar af 21 með pólskt - en í upphafi haustanna 2018 voru nemendur með annað ríkisfang 25. Þetta er stækkandi hópur og mjög fjölbreyttur. Hópurinn spannar þá sem tala íslensku sem innfæddir til flóttamanna sem koma frá öðrum mál- og menningarsvæðum og tala hvorki íslensku né ensku og hafa jafnvel lítið sem ekkert verið í skóla.

## Rekstur

Á fjárlögum 2023 eru framlög til VMA 2.3 milljarðar. Gert er ráð fyrir að skólinn afli sértekna upp á 107 milljónir. Stærstur hluti framlaga skólans fara í laun og rekstur húsnæðis. Mikil uppsöfnuð þörf til tækjakaupa er á öllum brautum skólans. Ársnemendur á árinu 2023 eru 960 en þeim hefur fækkað um 40 á síðustu tveimur árum.

### Rekstur húsnæðis

- Viðhald húsnæðis er hjá Ríkiseignum en sumir dýrir póstar hjá skólanum tengt viðhaldi á húsnæði og búnaði í verknámsstofum, í listnámi, sérnámsbraut og á starfsbraut.
- Þrif - þjónustuliðar sjá að mestu um ræstingu á húsnæði skólans ásamt umsjónarmönnum fasteigna. Umhirða lóðar að mestu í umsjón umsjónarmanna fasteigna. Sláttur á lóð og snjómokstur í höndum verktaka.

**Mötuneyti** - matur frá Mötuneyti MA og rekstur á sjoppu. VMA sér um þrif tengt mötuneytisaðstöðu starfsmanna og nemenda. Rekstur á kaffistofum í skólanum á hendi skólans. Áhersla á markmið Heilsuefandi framhaldsskóla í reksti mötuneytis.

### Tölvur og upplýsingakerfi

- Rekstrarsamningur við Advania um kerfisstjórn og þjónustu. Aukin kostnaður tengt innleiðingu á Menntaskýi og O365.
- Inna, Orri, O365, GoPro, Moodle, Respondus, heimasíða, forrit tengt ákveðnum greinum í iðn- og listnámi, forrit og búnaður fyrir sérnámsbraut
- Vélstjórnarhermir

### Vélar og áhöld

- Ýmis tæki og tól til kennslu í verklegum greinum eru komin á tíma og mikil endurnýjunarþörf.
- Aðbúnað fyrir starfsfólk og nemendur má alltaf bæta s.s. í vinnurýmum kennara og í kennslustofum. Aðbúnaður nemenda í almennum rýmum skólans s.s. í Gryfju og á göngum þarf að bæta.

## Skólabragur

Það sem einkennir skólastarfið í VMA er **fjölbreytileikinn**. Fjölbreytt námsframboð, fjölbreyttir nemendahópar sem kalla á fjölbreyttan hóp starfsfólks. Skólinn setur **nemendur og nám þeirra í öndvegi**, aðstoð við nemendur og tekið við nemendum óháð námslegri stöðu þeirra. **Stuðningur** við nemendur í námi og almennt við að aðlagast lífinu. Fyrsti framhaldsskólinn sem bauð upp á samfellda þjónustu sálfræðings innan veggja skólans.

**Félagslíf nemenda** sem byggir á viðburðum sem nemendafélagið skipuleggur. Tekið vel á móti nýnemum og umsjónarkennarar fylgja nemendum eftir á 1. ári sínu við skólann.

### Öflug stoðþjónusta.

**Mikill mannauður og þekking.** Góður starfsandi og eftirsóttur vinnustaður.

# Efling framhaldsskólastigsins

## Stöðuskýrsla MA

26. júní 2023

Karl Frímannsson

skólameistari MA

## Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	3
1.1	Umgjörð og skipulag .....	3
1.2	Afmörkun .....	3
1.3	Tilfni vinnunnar .....	3
2.	Nemendur .....	4
3.	Námsframboð .....	6
4.	Mannauður .....	7
5.	Húsnæði .....	7
6.	Umræða .....	8
6.1	Skólamenning og saga.....	8
6.2	Markmið og framtíðarsýn .....	8
6.3	Niðurlag.....	9
7.	Um Menntaskólann á Akureyri .....	9



## 1. Inngangur

Þann 24. apríl 2023 sendi mennta- og barnamálaráðherra skólameisturum Verkmenntaskólans á Akureyri og Menntaskólans á Akureyri beiðni um þátttöku í starfi með stýrihópi um eflingu framhaldsskólastigsins vegna framhaldsskólanna á Akureyri og eftir atvikum á Norðurlandi eystra. Stýrihópurinn hefur það hlutverk að móta aðgerðir til að ná markmiðum menntastefnu stjórnvalda til 2030 og stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um eflingu verk- og starfsnáms. Í störfum sínum mun stýrihópurinn eiga náið samráð við skólastjórnendur og skipuleggja í samráði við þá nánara samráð við kennara, nemendur og aðra hagaðila við mótun aðgerðanna.

### 1.1 Umgjörð og skipulag

Verkefnið felur í sér að móta og leggja fram tillögur að aðgerðum sem snúa að framtíðarskipulagi MA og VMA þannig að þeir geti betur mætt samfélagslegum, faglegum og fjárhagslegum áskorunum sem þeir standa frammi fyrir. Undir forystu skólameistaranna og í samvinnu við stýrihópinn verða lagðar fyrir ráðherra þrjár stöðuskýrslur í maí, september og nóvember 2023. Markmið vinnunnar er að leita leiða til að viðhalda eða fjölga valkostum í námi fyrir framhaldsskólanemendur á Akureyri, auka sveigjanleika í námi og tryggja að sem flestir 3. þreps áfangar verði kenndir á svæðinu.

### 1.2 Afmörkun

Verkefnið er að kanna fýsileika þess að auka samstarf skólanna tveggja eða sameina þá. Fyrsti hluti verkefnisins lýtur að gagnasöfnun um þróun í fjölda nemenda, námsframboð, mannauð og húsnæði auk framlagningar fyrstu hugmynda um framtíðarsýn skólastarfs MA og VMA.


### 1.3 Tilefni vinnunnar

Ástæða er til að huga að viðbrögðum skólanna vegna fækkunar nemenda á framahaldsskólaaldri á upptökusvæði VMA og VMA og breytingar á hlutfalli nemenda í verknámi annars vegar og bóknámi hins vegar. Í byrjun febrúar 2023 lagði mennta- og barnamálaráðuneytið fram gögn um að búast megi við enn frekari fækkun nemenda á næstu árum á upptökusvæði MA og VMA. Einnig var nefnd breyting í framhaldsskólunum sem þegar er farin að sjást en það er fækkun nemenda í bóknámi og fjölgun í verknámi. Árið 2017 voru 27,5% nemenda í framhaldsskólum í verk-, tækni- og listnámi og hafði sú tala hækkað í 33,5% árið 2022. Reiknað er með að innan 10 ára verði hlutfallið orðið yfir 42% ef fram heldur sem horfir. Í ljósi þessarar þróunar hafði ráðuneytið frumkvæði að samtali við skólameistara MA og VMA hvort vilji væri fyrir því að auka samstarf skólanna til að standa vörð um og eftir atvikum efla framhaldsskólastarf á Akureyri.

## 2. Nemendur


Á s.l. 10 árum hefur fjöldi nemenda í 1. bekk breyst frá því að vera um 225 að hausti í það að vera nær 190. Vorið 2023 sóttu 204 nemendur um í MA og 182 var boðin skólavist að hausti.

### Þróun í fjölda nemenda í 1. bekk á 10 ára tímabili frá 2014-2023



Að sama skapi hefur fjöldi brautskráðra breyst frá því að vera um 165 fyrir 10 árum niður í 155 undir lok tímabilsins.

### Þróun í fjölda brautskráðra á 10 ára tímabili frá 2014-2023



## Fjöldi nemenda á námsbrautum að hausti 2019-2022

Námsbrautir	2019	2020	2021	2022
Félagsgreinabraut	261	228	196	192
Heilbrigðisbraut	0	0	63	102
Kjörnámsbraut – sviðslistir	0	18	31	39
Kjörnámsbraut - tónlist	6	9	8	10
Mála- og menningarbraut	56	55	36	38
Náttúrufræðibraut	198	207	158	140
Raungreinabraut	40	27	13	3
Raungreina- og tæknibraut	0	0	20	68
<b>Alls</b>	<b>561</b>	<b>544</b>	<b>525</b>	<b>592</b>

## Fjöldi brautskráðra eftir brautum 2019-2022


	2019	2020	2021	2022
Félagsgreinabraut	70	92	71	76
Kjörnámsbraut	2	5	2	1
Mála- og menningarbraut	25	21	18	17
Náttúrufræðibraut	49	55	39	50
Raungreinabraut	16	12	8	9
Tónlistarbraut		1		
<b>Alls</b>	<b>162</b>	<b>186</b>	<b>138</b>	<b>153</b>

## Brotthvarf nemenda

Ár	Vor %	Haust %	Meðaltal
2018	3,9%	2,8%	3,4%
2019	4,9%	2,5%	3,7%
2020	4,5%	3,3%	3,9%
2021	6,4%	3,7%	5,1%
2022	3,3%	2,9%	3,1%

Á undanförunum árum hafa verið um 70% nemenda MA frá Akureyri. Samkvæmt íbúaskrá Akureyrarbæjar 24. apríl 2023 þá fækkar íbúum í yngri árgöngum í bænum. Íbúatölur Hagstofunnar frá 2011 og 2021 gefa til kynna að fjöldi íbúa á framhaldsskólaaldri hafi staðið í stað á Akureyri á 10 ára tímabili en fækkað um 17% í Norðaustur- og Norðvesturkjördæmi utan Akureyrar. Um 95% nemenda MA eru frá þessum tveimur kjördæmum.

### Fjöldi á íbúaskrá Akureyrarbæjar 24. apríl 2023



## 3. Námsframboð

Í MA eru sjö bóknámsbrautir til stúdentsprófs

- mála- og menningarbraut
- félagsgreinabraut
- náttúrufræðibraut (sem skiptist á öðru ári í þrjár brautir)
- heilbrigðisbraut
- raungreina- og tæknibraut
- kjörnámsbraut í sviðslistum
- kjörnámsbraut í tónlist í samvinnu við Tónlistarskóla Akureyrar eða Eyjafjarðar

## 4. Mannauður

### Starfsfólk haustið 2022

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Skólameistari	1	1		
Aðstoðarskólameistari			1	1
Fjármálastjóri	1	1		
Skrifstofustjóri			1	1
Skólaritari			1	0,72
Brautarstjórar			2	1,5
Fagstjórar	2	0,08	4	0,16
Framhaldsskólakennari/-ar	18	17,94	31	30,04
Leiðbeinandi/-ur			1	1
Stundakennari	1	0,25	2	0,56
Sálfræðingur			1	1
Tölvuumsjón			1	0,43
Bókasafn			2	1,5
Náms- og starfsráðgjafi	1	1	1	0,9
Gæðastjóri			1	0,5
Umsjónarmaður fasteigna	2	2		
Matráður			2	0,98
Ræstitæknir/-ar	2	1,41	4	2,71
Hjúkrunarfræðingur			1	0,20
Aðrir				
<b>Samtals</b>	<b>28</b>		<b>55</b>	
<b>Starfsfólk alls</b>	<b>75</b>			
<b>Stöðugildi alls</b>	<b>68,7</b>			

## 5. Húsnæði

Gamli skóli frá 1904 (2.300 m<sup>2</sup>)

Íþróttahús frá 1905 (441,5 m<sup>2</sup>)

Möðruvellir frá 1969 (1.581,6 m<sup>2</sup>)

Hólar frá 1996 (2.649,8 m<sup>2</sup>)

Fermetrar alls 6.973 m<sup>2</sup>

12 m<sup>2</sup> á hvern nemanda

## 6. Umræða

### 6.1 Skólamenning og saga

Báðir skólarnir byggja starf sitt á venjum, sögu og siðum og fyrir er skólamenning sem stendur traustum fótum. Saga MA spannar 143 ár og búið er að útskrifa stúdenta frá skólanum síðan 1930. Gefur auga leið að bæði nafn og starf Menntaskólans á Akureyri er dýrmætt ekki einungis fyrir samfélagið sem skólinn hefur sprottið úr heldur alla þá stúdenta sem útskrifast hafa frá skólanum. Stúdentahátíðirnar ár hvert bera þess merki hversu mikil samstaða og vinátta ríkir innan bekkja og hópa sem mynduðust á námsárunum í MA. Þau tengsl eru þúsundum manna mikilvæg. Af hálfu MA liggur ljóst fyrir að stúdentahátíðir, venjur við brautskráningu, söngsalir, frumkvæði nemenda í félagslífi, móttaka nýnema eða bekkjarkerfið, svo eitthvað sé nefnt, skipta miklu máli fyrir sögu og menningu skólans. Taka þarf tillit til þeirra þátta við skoðun á auknu samstarfi eða sameiningu MA og VMA.

### 6.2 Markmið og framtíðarsýn

Framhaldsskólar þurfa sífellt að huga að þróun skólastarfs svo koma megi sem best til móts við þarfir nemenda á hverjum tíma. Rætur skólaþróunar liggja ávallt til nemandans og hagsmuna hans. Umræða um aukna samvinnu VMA og MA eða sameiningu verður því fyrst og fremst að byggja á hagsmunum nemenda. Stærsti einstaki áhrifavaldurinn í námi nemenda er nú sem áður starfshættir kennara. Þótt fleira komi til eins og efnahagur, félagsleg staða eða menntun foreldra þá vega starfshættirnir þyngst. Því ætti umræðan að grundvallast á þeim og því hvernig hægt verði að þróa námið í takti við hag nemenda. Auðvelda leiðin í vinnu sem þessari er að leggja til skipulagsbreytingar, leita leiða til að hagræða í rekstri eða fækka starfsfólki. Ef sparnaður er megin ástæða þess að farið er í þessa skoðun og greiningu þá má nefna að í skýrslu Ríkisendurskoðanda frá árinu 2008 kemur fram að einungis í 15% tilvika hafi markmiðum sameininga verið náð. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2021 segir: *Erlendar rannsóknir bentu þó til þess að sameiningar og aðrar meiriháttar breytingar skiluðu sjaldan þeim árangri sem vonast væri eftir.... Helstu ástæður voru sagðar þessar (bls. 15):*

- Markmið og framtíðarsýn væru ekki nógu skýr eða ekki útskýrð nógu vel.
- Fjárhagsleg samlegð væri ofmetin.
- Undirbúningi og skipulagningu væri áfátt.
- Ekki tækist að kveikja nægan áhuga á sameiningunni.
- Starfsmannamálum væri ekki sinnt nógu vel.
- Breytingastarf lognaðist út af áður en því væri lokið.

Í máli stýrihóps MRN hefur komið skýrt fram að í verkefni MA og VMA sé megin markmiðið ekki að hagræða eða nýta ónýtt húsnæði betur. Samkvæmt formlegri beiðni frá ráðherra segir að verkefni stýrihópsins sé að *ná markmiðum menntastefnu stjórnvalda til 2030 og stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um eflingu verk- og starfsnáms*. Ráðherra leggur áherslu á mikilvægi þess að *auka farsæld barna og ungmenna, m.a. með samþættingu kerfa, aukinni skólaþjónustu, hagræðingu, eftirfylgni og samvinnu*. Enn fremur segir að verkefnið byggi á markmiðum um hvernig samfélagslegum, faglegum og fjárhagslegum áskorunum verður mætt.

Markmið MA sérstaklega með þátttöku í starfi með stýrihópnum eru að leita leiða til:

- að bjóða nemendum áfram upp á vandað nám,
- bjóða upp á fjölbreytt og stöðugt námsframboð,
- skapa sveigjanleika í námi og síðast en ekki síst að
- bjóða upp á öflugt félagslíf.

Til að móta sem skýrasta framtíðarsýn með aukinni samvinnu eða sameiningu MA og VMA þurfa bæði ráðuneytið og skólarnir að leita svara við eftirfarandi spurningum:

- Hvaða markmiðum menntastefnu stjórnvalda til 2030 er sérstaklega stefnt að með aukinni samvinnu eða sameiningu MA og VMA?
- Hverjar eru samfélagslegar, fjárhagslegar og faglegar áskoranir sem skólarnir þurfa að mæta?
- Hvaða aðgerðir styðja við þau markmið að bjóða áfram upp á vandað nám, stöðugt og fjölbreytt námsframboð, sveigjanleika í námi og öflugt félagslíf?

Næsta skref í vinnunni verður því að vera mótun skýrrar framtíðarsýnar þá hvaða markmiðum eftirsóknarvert er að ná.

### 6.3 Niðurlag

Mikilvægt er að ráðuneytið / stýrihópur vandi til verka og taki mið af þeim þáttum sem nefndir eru í skýrslu Ríkisendurskoðunar um ástæður þess þegar markmiðum með aukinni samvinnu eða sameiningu stofnana hafi ekki verið náð í gegnum tíðina. Að boði ráðherra er verkefnið að greina og kanna fýsileika þess að auka samvinnu MA og VMA eða sameina skólana á grundvelli þeirra markmiða sem lagt er upp með. Skólunum er ætlað að efna í þá umræðu og leggja mat á ólíka valkosti en ekki síður þarf ráðherra að leggja fram skarpa sýn á markmið verkefnisins. Ekki er hafin vinna innan MA við að greina og meta kosti og galla eða styrkleika og veikleika ólíkra valkosta en strax í haust mun sú vinna fara fram. Mikilvægt er að gefinn verði rúmur tími til vinnunnar því allir hópar innan skólanna verða að fá tækifæri til að koma að vinnunni.

## 7. Um Menntaskólann á Akureyri

### Um MA

Saga skólans nær aftur til ársins 1880 með stofnun gagnfræðaskóla á Möðruvöllum í Hörgárdal. Eftir flutning skólans til Akureyrar 1902 var hann nefndur Gagnfræðaskólinn á Akureyri. Árið 1930 var farið að útskrifa stúdenta frá Menntaskólanum á Akureyri og hefur verið gert allar götur síðan. Nánar um skólann: [Um Menntaskólann á Akureyri | Menntaskólinn á Akureyri \(ma.is\)](#)

### Framtíðarsýn

[Skólasýn MA | Menntaskólinn á Akureyri](#)

### Gildi

Einkunnarorð MA eru virðing - víðsýni - árangur: að sýna starfi, umhverfi og fólki virðingu, vinna gegn fordómum og efla gagnrýna hugsun, leggja sig allan fram og gera eins vel og unnt er.

## Stefnur

[Ársskýrslur MA | Menntaskólinn á Akureyri](#)

### Bæjarfélagið

Lengi hefur Akureyri verið kölluð *skólabærinn Akureyri*, ekki síst vegna Menntaskólans á Akureyri og þess bæjarbrags sem skólinn skapaði löngum. Hann mótaði sér frá upphafi árið 1904 sérstöðu og nemendur frá honum báru nafn hans hátt. Verkmenntaskólinn á Akureyri tók til starfa árið 1984 í nýju húsnæði skólans við Hringteig á Eyrarlandsholti. Skólarnir, hvor á sinn hátt, eru merkisberar vandaðrar menntunar á Akureyri með rúmlega 1.500 nemendur og 200 starfsmenn. Starfsemi skólanna skiptir bæjarfélagið miklu máli og þjónar mikilvægu hlutverki í því tilliti að hægt verði að bjóða íbúum fjölbreytt og vandað nám á öllum skólastigum.

### Skólanefnd MA

Skólanefnd MA er skipuð til fjögurra ára, þremur fulltrúum tilnefndum af ráðherra og tveimur tilnefndum af SSNE (Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi eystra) . Annar þeirra er tilnefndur af Akureyrarbæ.

### Skipurit

[Skipurit MA](#)





## Minnisblað

Móttakandi: Gylfi Arnbjörnsson / Mennta-og barnamálaráðuneytið  
Sendandi: Valgerður Valgeirsdóttir/ Bjarki Steinn Benjamínsson / PwC  
Dagsetning: 19. júní 2023  
Innihald: Mat á hagkvæmni við sameiningu MA og VMA

### Um verkefnið

Mennta-og barnamálaráðuneytið fól PwC að leggja mat á fjárhagslega hagkvæmni við sameiningu framhaldsskólanna MA (Menntaskólinn á Akureyri) og VMA (Verkmenntaskólinn á Akureyri). Í bréfi frá ráðuneytinu var eftirfarandi lýsing á verkefninu:

Leggja mat á fjárhagslega hagkvæmni þess að sameina skólana:

- Samlegðaráhrif í yfirstjórn og bakvinnslu.
- Samlegðaráhrif og/eða sóknarmöguleikar í sérfræðilegri stoðþjónustu, s.s. náms- og starfsráðgjöf, sálfræðiþjónustu, iðjuþjálfu, félagsfræðinga.
- Samlegðaráhrif af betri nýtingu í hópastærð við framkvæmd kennslunnar að teknu tilliti til kjarasamninga kennara og vinnumatsins.
- Sparnað í notkun og rekstri húsnæðis.

Leggja mat á líklega þróun á afkomu skólanna næstu ár.

- Óbreytt stærð skóla m.v. fjárheimildir og rekstrarafkomu s.l. 3 ár og fimm ár fram í tímann.
- Að teknu tilliti til líklegrar fækkunar nemenda í áföngum um 100-150 nemendur í óbreyttu húsnæði.
- Til hvaða aðgerða þurfa skólarnir að grípa til að rétta af rekstur skólanna á þessum grunni.

### Gögn og upplýsingar

Gögn sem horft var til við mat á fjárhagslegri hagkvæmni við sameiningu skólanna:

- Áætlanir frá skólastjórnendum sem send voru ráðuneytinu
- Ársreikningar MA 2019-2021 – óskað var eftir ársreikningi fyrir 2022
- Ársreikningar VMA 2019-2021 – óskað var eftir ársreikningi fyrir 2022
- Yfirlit yfir hópastærðir frá MA og VMA vegna skólaársins 2022H-2023V
- Skýrslu stýrihóps VMA 19. maí 2023
- Fundir og símtöl með Ragnari Hólmi Ragnarssyni (MA), Valdísi Björk Þorsteinsdóttur (MA), Sigríði Huld Jónsdóttur (VMA), Karli Frímannssyni (MA), Benedikt Barðasyni (VMA), Sigurði Hlyni Sigurðssyni (VMA).

Fyrirvari:

Unnið er eftir þeim gögnum sem afhent voru. Ekki var farið í rýna þau gögn sérstaklega heldur litið á þau sem gögn er varðar heild og nákvæmni þess sem þau endurspeglar. Einnig er byggt á viðtölum, en það sem kom fram í viðtölum var ekki kannað, né rakið heldur gengið út frá því að þau séu rétt miðað við heild og nákvæmni þess sem þau lýsa. Verkefnið er ekki hluti af verðmati, áræðanleikakönnun og/eða endurskoðun.

## Framkvæmd verkefnis

Rekstraráætlun var sett upp fyrir hvorn skóla fyrir sig og ársreikningar fyrri ára notaðir sem grunnur (ársreikningar fyrir 2022 bárust ekki fyrir skil á þessu minnisblaði). Sett var upp grunnsviðsmynd fyrir hvorn skóla og í framhaldinu settar upp sviðsmyndir sem taka til hagræðingarhugmynda.

## Tekjur

Til að áætla tekjur voru yfirfarin ýmis gögn m.a. nemendafjöldaspár, yfirlit yfir verðflokka námsbrauta ásamt fundum með skólastjórnendum til að geta áætlað tekjur hvors skóla fyrir sig til næstu fimm ára. Í samtölum við skólastjórnendur var einnig óskað eftir skýringum á því hversu stór hluti af tekjum eru framlög vegna húsnæðiskostnaðar en þær upplýsingar bárust ekki fyrir skil á þessu minnisblaði. Þá lögðu skólastjórnendur einnig fram rekstraráætlun skólanna (sem einnig hafa verið lagðir fram til ráðuneytisins). Tekjuspá skólastjórnenda var notuð til að spá tekjum til næstu þriggja ára. Farið var yfir langtímaspá um fjölda nemenda úr skýrslu frá ráðuneytinu þar sem spátölur til ársins 2033 er að finna. Sú spá ásamt verðflokum námsbrauta var notuð sem nálgun fyrir tekjuspá fyrir árin 2026-27.

## Kostnaður

Í grunnsviðsmynd var notast við áætlanir yfir rekstur skólana fyrir árin 2023-2025, eftir það var notast við langtíma verðbólguþá fyrir árin 2026 og 2027 til að áætla.

## Fjárhagur MA og VMA

Hér má sjá áætlanir skólanna tveggja ásamt samanlögðum fjárhag beggja skóla í töflu þar að neðan, þ.e. samtala þeirra í rekstri. Þessir sameinuðu rekstrarreikningar er grunnurinn að þeim sviðsmyndum sem settar verða fram í framhaldinu. Í samanlögðum fjárhag beggja skóla er ekki tekið tillit til tekjuliðarins Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ári þannig að hvert ár endurspeglir raun niðurstöðu rekstrar hvers árs.

MA	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027
<b>Fjárhæðir í kr.</b>								
<b>Tekjur</b>								
Tekjufærsla fjárveitinga	972.486.871	960.372.331		922.698.674	900.693.963	900.948.821	936.196.210	920.447.114
Aðrar tekjur	6.570.000	6.360.000		35.196.770	35.196.770	35.196.770	36.956.609	38.804.439
Seld þjónusta	13.148.950	13.618.533		7.170.000	7.170.000	7.170.000	7.528.500	7.904.925
Vörusala	2.312.430	1.615.330					-	-
Framlög og ýmsar tekjur	8.113.001	8.032.845					-	-
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ári	6.049.188	6.365.729						
<b>Tekjur samtals</b>	<b>1.008.680.440</b>	<b>996.364.768</b>	<b>-</b>	<b>965.065.444</b>	<b>943.060.733</b>	<b>943.315.591</b>	<b>980.681.318</b>	<b>967.156.478</b>
<b>Gjöld</b>								
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	745.734.062	764.115.092		820.400.303	820.400.303	820.400.303	820.400.303	820.400.303
Annar rekstrarkostnaður	234.367.871	248.904.707		285.884.335	311.451.442	303.294.690	310.877.057	318.648.984
Afskriftir	6.049.188	6.365.729		8.247.853	8.495.289	8.750.147	9.187.654	9.647.037
<b>Gjöld samtals</b>	<b>986.151.121</b>	<b>1.019.385.528</b>	<b>-</b>	<b>1.114.532.491</b>	<b>1.140.347.034</b>	<b>1.132.445.140</b>	<b>1.140.465.015</b>	<b>1.148.696.324</b>
<b>EBITDA</b>	<b>28.578.507</b>	<b>(16.655.031)</b>	<b>-</b>	<b>(141.219.194)</b>	<b>(188.791.012)</b>	<b>(180.379.402)</b>	<b>(150.596.042)</b>	<b>(171.892.808)</b>
<b>EBIT</b>	<b>22.529.319</b>	<b>(23.020.760)</b>	<b>-</b>	<b>(149.467.047)</b>	<b>(197.286.301)</b>	<b>(189.129.549)</b>	<b>(159.783.697)</b>	<b>(181.539.845)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>								
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	1.751	(1.900)		574	574	574	574	574
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(15.712)	(25.065)		(49.692)	(49.692)	(49.692)	(49.692)	(49.692)
<b>Afkoma ársins</b>	<b>22.515.358</b>	<b>(23.047.725)</b>	<b>-</b>	<b>(149.516.165)</b>	<b>(197.335.419)</b>	<b>(189.178.667)</b>	<b>(159.832.815)</b>	<b>(181.588.964)</b>

VMA	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027
<b>Fjárhæðir í kr.</b>								
<b>Tekjur</b>								
Tekjufærsla fjárveitinga	1.954.714.242	2.045.065.188		2.152.800.000	2.152.800.000	2.152.800.000	2.128.942.885	2.164.479.109
Aðrar tekjur	15.252.200	16.614.000		19.931.372	19.931.372	19.931.372	20.927.941	21.974.338
Seld þjónusta	36.559.691	37.037.841		79.071.904	79.071.904	79.071.904	83.025.499	87.176.774
Vörusala	13.269.540	12.900.900					-	-
Framlög og ýmsar tekjur	49.462.304	52.058.459					-	-
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ára	17.318.678	23.342.815					-	-
<b>Tekjur samtals</b>	<b>2.086.576.655</b>	<b>2.187.019.203</b>	-	<b>2.251.803.276</b>	<b>2.251.803.276</b>	<b>2.251.803.276</b>	<b>2.232.896.324</b>	<b>2.273.630.221</b>
<b>Gjöld</b>								
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	1.532.079.316	1.594.605.305		1.590.910.505	1.622.728.715	1.622.728.715	1.663.296.933	1.704.879.356
Annar rekstrarkostnaður	530.318.838	576.435.285		628.480.742	628.480.742	629.436.325	645.172.233	661.301.539
Afskriftir	17.318.678	23.342.815					-	-
<b>Gjöld samtals</b>	<b>2.079.716.832</b>	<b>2.194.383.405</b>	-	<b>2.219.391.247</b>	<b>2.251.209.457</b>	<b>2.252.165.040</b>	<b>2.308.469.166</b>	<b>2.366.180.895</b>
<b>EBITDA</b>	<b>24.178.501</b>	<b>15.978.613</b>	-	<b>32.412.029</b>	<b>593.819</b>	<b>(361.764)</b>	<b>(75.572.842)</b>	<b>(92.550.675)</b>
<b>EBIT</b>	<b>6.859.823</b>	<b>(7.364.202)</b>	-	<b>32.412.029</b>	<b>593.819</b>	<b>(361.764)</b>	<b>(75.572.842)</b>	<b>(92.550.675)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>								
Vaxatekjur, verðbætur og gengishagnaður	244.501	257.013		257.013	257.013	257.013	257.013	257.013
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	-	-		-	-	-	-	-
<b>Afkoma ársins</b>	<b>7.104.324</b>	<b>(7.107.189)</b>	-	<b>32.669.042</b>	<b>850.832</b>	<b>(104.751)</b>	<b>(75.315.829)</b>	<b>(92.293.662)</b>

#### Rekstraráætlun MA og VMA

Fjárhæðir í kr.	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027
<b>Tekjur</b>								
Tekjufærsla fjárveitinga	2.927.201.113	3.005.437.519	-	3.075.498.674	3.053.493.963	3.053.748.821	3.065.139.094	3.084.926.223
Aðrar tekjur	21.822.200	22.974.000	-	27.101.372	55.128.142	55.128.142	57.884.549	60.778.777
Seld þjónusta	49.708.641	50.656.374	-	86.241.904	86.241.904	86.241.904	90.553.999	95.081.699
Vörusala	15.581.970	14.516.230	-	-	-	-	-	-
Framlög og ýmsar tekjur	57.575.305	60.091.304	-	-	-	-	-	-
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ára	23.367.866	29.708.544	-	-	-	-	-	-
<b>Tekjur samtals</b>	<b>3.095.257.095</b>	<b>3.183.383.971</b>	-	<b>3.188.841.950</b>	<b>3.194.864.009</b>	<b>3.195.118.867</b>	<b>3.213.577.642</b>	<b>3.240.786.699</b>
<b>Gjöld</b>								
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	2.277.813.378	2.358.720.397	-	2.411.310.808	2.443.129.018	2.443.129.018	2.485.748.237	2.529.386.788
Annar rekstrarkostnaður	764.686.709	825.339.992	-	914.365.077	939.932.184	932.731.015	956.049.290	979.950.523
Afskriftir	23.367.866	29.708.544	-	8.247.853	8.495.289	8.750.147	9.187.654	9.647.037
<b>Gjöld samtals</b>	<b>3.065.867.953</b>	<b>3.213.768.933</b>	-	<b>3.333.923.738</b>	<b>3.391.556.491</b>	<b>3.384.610.180</b>	<b>3.450.985.181</b>	<b>3.518.984.348</b>
<b>EBITDA</b>	<b>52.757.008</b>	<b>(676.418)</b>	-	<b>(108.807.165)</b>	<b>(188.197.193)</b>	<b>(180.741.166)</b>	<b>(228.219.885)</b>	<b>(268.550.612)</b>
<b>EBIT</b>	<b>29.389.142</b>	<b>(30.384.962)</b>	-	<b>(117.055.018)</b>	<b>(196.692.482)</b>	<b>(189.491.313)</b>	<b>(237.407.539)</b>	<b>(278.197.649)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>								
Vaxatekjur, verðbætur og gengishagnaður	246.252	255.113	-	257.587	257.587	257.587	257.587	257.587
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(15.712)	(25.065)	-	(49.692)	(49.692)	(49.692)	(49.692)	(49.692)
<b>Afkoma ársins</b>	<b>29.619.682</b>	<b>(30.154.914)</b>	-	<b>(116.847.123)</b>	<b>(196.484.587)</b>	<b>(189.283.418)</b>	<b>(237.199.644)</b>	<b>(277.989.754)</b>

Sjá má að áætlanir beggja skóla sýna fram á neikvæða rekstrarniðurstöðu frá 2025 og í tilfalli MA er rekstrarniðurstaða nokkuð verri en VMA, orsök þess er að bóknámi fylgja umtalsvert lægri fjárframlög en iðnámi. Einnig er ljóst að fækkun nemenda í bóknámi en á móti er aukning í verknámi og á sérnámsbrautum.

## Sviðsmyndir

### Sviðsmynd 1

Sviðsmynd 1 gerir ráð fyrir að skólarnir sameinist og geti þannig náð hagræðingu í starfsmannahaldi, þ.e. að stöðugildi fari úr 200 í 193 fyrsta árið en lækki síðan með árunum niður í 170, hlutfall nemenda á hvern kennara myndi vaxa nokkuð skart á síðari árum líkansins. Þessi aðgerð er nokkuð stíf hagræðingaraðgerð og yrði sambland af stjórnendum, kennurum og stöðugildum í stoðdeildum, en einnig að breytilegur kostnaður sem snýr að öðrum liðum en launakostnaði lækki um 10% í hagræðingaraðgerðum. Þetta miðast við að kennarafjöldinn verði um 14,2 nemendur á kennara að meðaltali. Þetta gæti birst í skertri þjónustu við nemendur að einhverju leyti. Frekari umfjöllun sem skýrir hagræðingar er að finna á næstu blaðsíðum.

Hér má sjá að fækkun í starfsmannafjölda sem þessu nemur ásamt auknum hagræðingaraðgerðum gæti skilað jákvæðri rekstrarniðurstöðu út allt spátímabilið. Þá yrði fjöldi starfsmanna og kennara að minnka áfram út spátímabilið og nýting kennara að aukast sem því nemur.

### Sviðsmynd 1 - Samlegðar áhrif með samnýtingu starfsfólks og lækkun á breytilegum kostnaði

Fjárhæðir í kr.	2023	2024	2025	2026	2027
<b>Tekjur</b>					
Tekjufærsla fjárveitinga	3.075.498.674	3.053.493.963	3.053.748.821	3.065.139.095	3.084.926.223
Aðrar tekjur	27.101.372	55.128.142	55.128.142	57.884.549	60.778.777
Seld þjónusta	86.241.904	86.241.904	86.241.904	90.553.999	95.081.699
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	-	-	-	-	-
<b>Tekjur samtals</b>	<b>3.188.841.950</b>	<b>3.194.864.009</b>	<b>3.195.118.867</b>	<b>3.213.577.643</b>	<b>3.240.786.699</b>
<b>Gjöld</b>					
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	2.302.801.822	2.296.541.277	2.272.109.987	2.212.315.931	2.225.860.373
Annar rekstrarkostnaður	822.928.569	845.938.966	839.457.914	860.444.361	881.955.470
Afskriftir	8.247.853	8.495.289	8.750.147	9.187.654	9.647.037
<b>Gjöld samtals</b>	<b>3.133.978.244</b>	<b>3.150.975.532</b>	<b>3.120.318.047</b>	<b>3.081.947.946</b>	<b>3.117.462.881</b>
<b>Afkoma</b>	<b>63.111.559</b>	<b>52.383.766</b>	<b>83.550.967</b>	<b>140.817.351</b>	<b>132.970.855</b>
Fjöldi starfsmanna	193	186	180	172	170
Hlutfall kennara	71%	71%	71%	71%	71%
Fjöldi kennara	138	133	129	123	121
Fjöldi nemenda á kennara	14	13	14	15	15

## Sviðsmynd 2

Sviðsmynd 2 gerir einnig ráð fyrir að skólarnir sameinist og geti þannig náð hagræðingu í starfsmannahaldi. Þá er gert ráð fyrir mildari hagræðingu, að stöðugildi fari úr u.þ.b. 200 í 197 fyrsta árið sem yrði sambland af stjórnendum, kennurum og stöðugildum í stöðdeildum. Breytilegur kostnaður sem snýr að öðrum liðum en launakostnaði myndi lækka um 5% í hagræðingaraðgerðum og eftir fyrsta árið myndi hlutfall nemenda á kennara stýra fjölda starfsmanna. Miðað er við að kennarafjöldinn verði um 13,8 nemendur á kennara að meðaltali. Nánari skýringar eru að finna á næstu blaðsíðum.

Hér má sjá fækkun í starfsmannafjölda sem þessu nemur ásamt hagræðingaraðgerðum sem skila sér í jákvæðri afkomu á árinu 2023, og smávægilegum rekstrarhalla á næstu árum.

### Sviðsmynd 2 - Samlegðar áhrif með samnýtingu starfsfólks og lækkun á breytilegum kostnaði

Fjárhæðir í kr.	2023	2024	2025	2026	2027
<b>Tekjur</b>					
Tekjufærsla fjárveitinga	3.075.498.674	3.053.493.963	3.053.748.821	3.065.139.095	3.084.926.223
Aðrar tekjur	27.101.372	55.128.142	55.128.142	57.884.549	60.778.777
Seld þjónusta	86.241.904	86.241.904	86.241.904	90.553.999	95.081.699
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	-	-	-	-	-
<b>Tekjur samtals</b>	<b>3.188.841.950</b>	<b>3.194.864.009</b>	<b>3.195.118.867</b>	<b>3.213.577.643</b>	<b>3.240.786.699</b>
<b>Gjöld</b>					
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	2.351.028.038	2.301.671.848	2.308.756.922	2.304.711.193	2.309.583.076
Annar rekstrarkostnaður	868.646.823	892.935.575	886.094.464	908.246.826	930.952.997
Afskriftir	8.247.853	8.495.289	8.750.147	9.187.654	9.647.037
<b>Gjöld samtals</b>	<b>3.227.922.714</b>	<b>3.203.102.712</b>	<b>3.203.601.533</b>	<b>3.222.145.673</b>	<b>3.250.183.110</b>
<b>Afkoma</b>	<b>(30.832.911)</b>	<b>256.586</b>	<b>267.481</b>	<b>619.625</b>	<b>250.626</b>
Fjöldi starfsmanna	197	186	183	179	176
Hlutfall kennara	71%	71%	71%	71%	71%
Fjöldi kennara	141	133	131	128	126
Fjöldi nemenda á kennara	14	13	14	14	15

### Sviðsmynd 3

Sviðsmynd 3 er sett fram til að sýna hvað skólinn getur greitt mörgum starfsgildum m.v. áætluð meðallaun á starfsmann ef 10% hagræðing á rekstrarkostnaði næst ásamt því að rekstrarniðurstaða verður núll.

Hér má sjá til að viðhalda rekstrarniðurstöðu í núlli er þörf á fækkun starfsmanna frá 200 starfsgildum sem eru í dag samtals hjá báðum skólum, þrátt fyrir hagræðingu rekstrarkostnaðar um 10%.

#### Sviðsmynd 3 - Greining á heildarfjölda starfsgilda ef 10% hagræðing næst í kostnaði

Fjárhæðir í kr.	2023	2024	2025	2026	2027
<b>Tekjur</b>					
Tekjufærsla fjárveitinga	3.075.498.674	3.053.493.963	3.053.748.821	3.065.139.095	3.084.926.223
Aðrar tekjur	27.101.372	55.128.142	55.128.142	57.884.549	60.778.777
Seld þjónusta	86.241.904	86.241.904	86.241.904	90.553.999	95.081.699
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	-	-	-	-	-
<b>Tekjur samtals</b>	<b>3.188.841.950</b>	<b>3.194.864.009</b>	<b>3.195.118.867</b>	<b>3.213.577.643</b>	<b>3.240.786.699</b>
<b>Gjöld</b>					
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	2.290.745.268	2.348.925.043	2.355.660.954	2.353.133.282	2.358.831.228
Annar rekstrarkostnaður	822.928.569	845.938.966	839.457.914	860.444.361	881.955.470
Afskriftir	8.247.853	8.495.289	8.750.147	9.187.654	9.647.037
<b>Gjöld samtals</b>	<b>3.121.921.690</b>	<b>3.203.359.298</b>	<b>3.203.869.014</b>	<b>3.222.765.298</b>	<b>3.250.433.736</b>
<b>Afkoma</b>	<b>75.168.113</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>0</b>	<b>(0)</b>
Fjöldi starfsmanna	192	190	187	183	180
Hlutfall kennara	71%	71%	71%	71%	71%
Fjöldi kennara	137	136	134	131	129
Fjöldi nemenda á kennara	14	13	13	14	15

## Upplýsingar um hagræðingaraðgerðir og samlegðaráhrif

### Samlegðaráhrif í yfirstjórn og bakvinnslu

Hægt er að ná hagræðingu í yfirstjórn með sameiningu skólanna þar sem að í sameinuðum skóla er ekki þörf á sama fjölda af starfsmönnum í yfirstjórn. Einungis væri þörf á einum skólameistara og einum aðstoðarskólameistara. Að sama skapi má líta til að hagræðing náist við áfangastjórn og fjármálastjórn skólanna. Í núverandi fyrirkomulagi starfa gæðastjórar hjá báðum skólum en við sameiningu eru möguleg samlegðaráhrif og því möguleiki að hafa einungis einn gæðastjóra og eitt gæðakerfi. Með hagræðingu á sviði yfirstjórnar og bakvinnslu er möguleiki á fækkun stöðugilda um 4-6 og ná þannig fram einu stjórnskipulagi yfir skólana.

### Samlegðaráhrif og/eða sóknarmöguleikar í sérfræðilegri stoðþjónustu, s.s. náms- og starfsráðgjöf, sálfræðiþjónustu, iðjubjálfa, félagsfræðinga

Líklega er hægt að ná samlegðaráhrifum við náms- og starfsráðgjöf en hjá skólunum starfa samtals fjórir slíkir ráðgjafar. Við núverandi fyrirkomulag starfar sinn hvor sálfræðingurinn hjá skólunum, báðir í 75% starfi, en mögulegt hagræði væri að einungis einn starfandi sálfræðingur yrði í 100% starfi. Þar sem einungis er boðið uppá starfsbraut í VMA þá teljum við ólíklegt að hægt sé að ná samlegðaráhrifum á þeim vettvangi. Þetta þarf að sjálfsögðu að skoða með tilliti til þess að ekki sé verið að skerða þjónustu til nemenda. Líklegt er að sóknarfæri sé til hagræðingar þegar kemur að námsráðgjöf og sérhæfðri þjónustu til nemenda. Gera má ráð fyrir að starfsmönnum sem varða tæknimál megi fækka með tíð og tíma ef að sameiningu verður og námsráðgjöfum verði hægt að fækka úr sex stöðugildum niður í tvö eða þrjú. Möguleg samlegð allt að 4-5 manns í stoðþjónustu. Tímatafla vegna hagræðis ætti að skýrast á næstu 1-2 árum, en stjórnendur þurfa rými til að endurskipuleggja starfið miðað við nýtt skipulag.

### Samlegðaráhrif af betri nýtingu í hópastærð við framkvæmd kennslunnar að teknu tilliti til kjarasamninga kennara og vinnumats

Hópastærðir breytast mikið milli ára og samkvæmt samtali við brautarstjóra þá reynist mjög erfitt að spá fyrir um stærð hópa fram í tímann þar sem nemendur ýmist skipta um námsleiðir eða hreinlega hætta að sækja nám við skólana. Ef skólarnir myndu samnýta námskeið og kennara þá þyrfti að samræma einingakerfi hjá skólunum þar sem ekki er um nákvæmlega sömu námskeið að ræða. Það er fjárfesting sem yrði dýr til skamms tíma en gæti verið góður grunnur að hagræðingu til framtíðar. Í þeim gögnum sem bærust PwC voru vísbendingar um að hagræðingu mætti finna þar sem ekki allir áfangar eru full mannaðir, þá á bæði við um MA og VMA.

Við slíka hagræðingu þyrfti þó að gæta þess að álag og/eða fjöldi nemenda á hvern kennara yrði ekki of mikið, bæði má það ekki skapa þá stöðu að námskeið verði dýrari en þau voru áður sökum þess að greiða þarf kennara aukalega fyrir fleiri nemendur en 25 ásamt því að það megi ekki bitna á gæðum náms. Í listgreinum er sá fjöldi umtalsvert lægri, en MA heldur þeim fjölda í 10 nemendum í hverju námskeiði á meðan VMA er með 17 nemendur. Með því að sameina námskrá í listgreinum má sjá tækifæri til hagræðingar.

Til þess að samlegðaráhrif geti átt sér stað þá þyrfti að samræma námskrár og sameinaður skóli þyrfti að vera með áfangakerfi að fullu, þ.e.a.s. að bekkjarkerfið yrði lagt niður. Með þeirri aðgerð myndi nýting á áföngum aukast og fleiri áfangar yrðu full mannaðir en slíkt þyrfti að skoða með tilliti til stundarskrár nemenda og samræming milli sviða þyrfti að eiga sér stað. Það er mögulega tækifæri til þess að haga námskrá á þann veg að kennurum yrði fækkað úr 144 niður í 130-140 með bættri samnýtingu áfanga og má þá sérstaklega nefna áfanga sem eru síðar í námsferlinu.

Fagstjórar hjá skólunum eru núna sex hjá MA og níu hjá VMA, með því að samræma námskrárnar væri hægt að ná hagræðingu með fækkun þeirra en einnig fækka brautarstjórum, en þeir eru tveir hjá MA en tíu hjá VMA. Hafa verður þó í huga að við fækkun sviðs og brautarstjóra getur það aukið álag á starfsmenn tímabundið og í þeim aðgerðum þarf að hafa í huga að aukið aðhald má ekki hafa áhrif á gæði náms nemenda.

### Sparnað í notkun og rekstri húsnæðis

Samkvæmt stjórnendum MA hefur skólinn bolmagn í að hýsa fleiri nemendum, VMA telur brýna þörf á stækkun á sínu húsnæði til þess að mæta eftirspurn í iðnámi og geta haldið námsframboði óbreyttu og /eða aukið það í iðngreinum. Samnýting á húsnæði gæti skapað grundvöll til hagræðingar hjá báðum skólum. Nýting á kennslurými þyrfti að aukast umtalsvert til þess að samlegðaráhrif gætu skapast, líkt og fyrr segir þá telur MA sig hafa bolmagn til þess að hýsa fleiri nemendum á sama tíma og VMA er að takmarka námsframboð sitt við iðngreinar til þess að hýsa bóknámsnemendum. Við núverandi fyrirkomulag eru tveir umsjónarmenn fasteigna í hvorum skóla og fjögur stöðugildi snúa að ræstingum hjá MA en við sameiningu eru vísbendingar um aukin samlegðaráhrif á þessu sviði þar sem stöðugildum gætu2 fækkað um 1-3.

### Niðurstaða samandregin

Ljóst er að fjárför skólanna er meiri en fjárlög leyfa við núverandi fyrirkomulag, skólarnir hafa báðir tekið við fleiri nemendum en þau fá greitt fyrir sem setur skólana í erfiða fjárhagslega stöðu. Ef kæmi til sameiningar á skólum þá væri auðveldlega hægt að hagræða í starfsmannahaldi sem snýr að öðrum þáttum en kennslu, má þar nefna áfangastjóra, skólameistara og fjárhagsdeildir, stöðugildum í stjórnunarstöðum væri hægt að fækka umtalsvert, en það yrði alltaf að vera atriði sem þyrfti að útfæra betur. En miðað við yfirferð gagna og samtala væri mögulegt að fækka í stjórnun 2 – 4 og stoðsviðum 4 – 5.

Samkvæmt brautarstjórum þá hefur verið reynt eftir bestu getu að lágmarka kostnað með því að draga úr framboði af áföngum sem eru með fáa nemendum. Skólarnir hafa verið að vinna saman á ýmsum sviðum, en fram kom vilji og geta til að gera enn betur í samvinnu en verið hefur. Við sameiningu skólanna tveggja við óbreyttan fjölda nemenda og óbreyttar fjárheimildir miðað við áætlanir þá þyrfti starfsmönnum að fækka um 5-10% og breytilegur kostnaður í rekstri að lækka um 5-10% til þess að fjárveiting dugi sameinuðum rekstri. Fleiri þættir koma til, eins og hagræðið væri einna helst fólgið í því að einingar myndu sameinast undir einum skóla, einni stjórnun, einu skipulagi og að mögulega þyrfti að gera breytingar á bekkjarfyrirkomulagi í nýjum skóla. Um þessa liði ríkir ekki sátt að mati stjórnenda en við teljum að huga þurfi að þessu til að ná fram því hagræði sem stefnt væri að. Ef nemendum í bóknámi fækkar enn meira getur það sett rekstur bóknáms í enn þrengri stöðu fjárhagslega og þyrfti skólinn að segja upp starfsfólki og takmarka framboð og/eða breyta bekkjarkerfi hjá MA til að mæta færri nemendum í hópum. Slíkar breytingar myndu hins vegar koma sér vel að vissu leyti fyrir VMA þar sem húsakosturinn er orðinn þröngur og heftir frekari framþróun á námsframboði. Því teljum við að sóknarfæri í samnýtingu áfanga og kennara hjá skólunum til þess að mæta minni aðsókn nemenda.

Í ljósi sviðsmynda þá þurfa skólarnir að samnýta aðstöðu og starfsfólk yfirstjórnar og kennara eins og unnt er án þess að það bitni á gæðum námsins. Slíkar aðgerðir myndu krefjast fjárfestingar í samhæfingu á námskrám skólanna tveggja.

Fram kom mikil jákvæðni hjá stjórnendum skólanna varðandi sameiningu en huga þarf að fleiri þáttum í þessu samhengi. Sameining verkmenntaskóla við bóknámsskóla skapar ákveðið hagræði og þá sérstaklega í kennslu bóknámsfaga. Verkmenntahlutinn þarf að auka samstarf og hagræða í kennslu dýrari námsgreina, t.d. samstarf við aðra verkmenntaskóla og/eða að tengja atvinnulífið frekar inn í ákveðnar námsbrautir. Aukið samstarf verkmenntaskóla getur verið í formi samræmingar, mögulegrar fjarkennslu auk annarra þátta sem auðvelt er að samræma, en í senn halda sérkennum verkmenntunar.



**btt.**

Sigríðar Hallgrímsdóttur

Þorsteins Gunnarssonar

Reykjavík, 03. maí, 2023

**Efni:** Efling framhaldsskóla

Skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara telur það mikið fagnaðarefni að mennta- og barnamálaráðherra hafi skipað stýrihóp um eflingu framhaldsskóla.


Menntakerfið stendur á tímamótum og framhaldsskólar landsins standa frammi fyrir áskorunum sem kalla á breytingar. Breytingar sem koma til með að hafa áhrif ekki aðeins á menntun, líðan og farsæld nemenda en líka á starfsumhverfi, vinnu og starfsþróun kennara.

Skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara er á þeirri skoðun að áhrifamesta leiðin til að takast á við þessar áskoranir og tryggja árangursríkar breytingar sé að stuðla að samstarfi milli nemenda, starfandi kennara, skólastjórnenda og þeirra hagaðila sem hafa áhrif á skólakerfið á Íslandi.

Skólamálanefndin er skipuð fólki úr framhaldsskólakerfinu með reynslu í náms- og starfsráðgjöf, bóknámi, verk- og iðngreinum. Þetta er reynsluríkt fólk sem er tilbúið til að leggja sitt af mörkum til að vinna að eflingu framhaldsskóla til framtíðar.

Hér með er óskað eftir því að skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara fái að taka virkan þátt í vinnu við eflingu framhaldsskóla og þá sérstaklega er varðar að tryggja og efla gæði náms, efla stuðning við nemendur og skólaþróun.

Fyrir hönd skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara,

  
Simon Cramer Larsen

Formaður Skólamálanefndar

Til Skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara

Reykjavík 9. maí 2023

**Efni: Efling framhaldsskóla, svar við bréfi nefndarinnar, dags. 3. maí 2023**

Ágæta skólamálanefnd

Stýrihópur um eflingu framhaldsskólans þakkar bréf nefndarinnar frá 3. maí sl. þar sem óskað er eftir því að nefndin fái að taka virkan þátt í vinnu við eflingu framhaldsskóla og þá sérstaklega er varðar að tryggja og efla gæði náms, efla stuðning við nemendur og skólaþróun.

Stýrihópurinn tók erindi ykkar fyrir á fundi sínum 8. maí sl. og var það afgreitt með jákvæðum hætti.

Stýrihópurinn hefur áhuga á að fyrsta samstarfsverkefni hópsins við skólamálanefnd gæti verið að rýna frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu sem nú liggur fyrir Alþingi en uppbygging og tilhögun þeirrar starfsemi er afar mikilvæg fyrir eflingu skólahalds í framhaldsskólum. Stýrihópurinn leitar því til skólamálanefndar um álit nefndarinnar á því hvernig best verði tryggt að þessi nýja stofa geti tryggt og eflt gæði náms, eflt stuðning við nemendur og skólaþróun í framhaldsskólum.

Að fengnu álit skólamálanefndar höfum við mikinn áhuga á að ræða við nefndina um sjónarmið hennar og finna farveg fyrir sameiginleg sjónarmið okkar til að hafa áhrif á faglegan undirbúning fyrir þessa nýju stofu.


Stýrihópurinn er einnig að sjálfsögðu reiðubúinn að ræða hugmyndir að fleirum samstarfsverkefnum við skólamálanefnd eins og þurfa þykir og það er mikilvægt fyrir markmið og framgang verkefna stýrihópsins að geta leitað til ykkar um sérfræðiþekkingu og ráðgjöf.

F. h. Stýrihóps um eflingu framhaldsskólans,

Með samstarfskveðjum,



Þorsteinn Gunnarsson



Sigríður Hallgrímsdóttir



Reykjavík, 12. júní, 2023

**Mál: MRN23040094**

Á fundi með stýrihópi þann 3. maí sl. lagði formaður Skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara fram beiðni um þátttöku **nefndarinnar** við vinnu stýrihóps um eflingu framhaldsskóla. Þann 9. maí barst nefndinni fyrsta verkefnið frá stýrihópnum:

***Að veita álit á því hvernig best verði tryggt að þessi nýja Mennta- og skólaþjónustustofa geti tryggt og eflt gæði náms, eflt stuðning við nemendur og skólaþróun í framhaldsskólum.***

Hér að neðan er álit nefndarinnar á því hvernig best verði tryggt að ný Mennta- og skólaþjónustustofa geti tryggt og eflt gæði náms, eflt stuðning við nemendur og skólaþróun í framhaldsskólum.

Skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara hefur kynnt sér frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu. Nefndin fagnar því markmiði laganna að stofnunin skuli hafa samráð við börn, ungmenni og starfsfólk skóla um verkefni stofnunarinnar. Þetta er atriði sem nefndin telur að muni koma til með að stuðla að farsæld barna í framtíðinni. Nefndin er á þeirrar skoðunar að til að hin nýja Mennta- og skólaþjónustustofa geti tryggt og eflt gæði náms, eflt stuðning við nemendur og skólaþróun í framhaldsskólum séu ýmis atriði sem þarfnast betri skýringa.

### **Námsefni**

Mennta- og skólaþjónustustofa á að stuðla að útgáfu kennslubóka og námsefnis á rafrænu formi. Ef stefnt er að því að námsefni framhaldsskólans verði rafrænt í framtíðinni er mjög mikilvægt að upphafsvinnan sé unnin vel og vandlega og í samráði við kennara. Hægt væri að ráða hóp kennara á hverju sviði til semja námsefni og í framhaldinu halda verkefninu við svo ekki þurfi í sífellu að vera að búa til nýjar bækur. Slíkt kæmi í staðinn fyrir bókakaup nemenda að einhverju leyti. Þannig er einnig tryggt að nemendur sem koma frá fjölskyldum sem standa höllum fæti fjárhagslega hafi aðgengi að kennsluefni og geti lært á jafnréttisgrundvelli. Væntanlega mundi þetta hjálpa til við að samræma að einhverju leyti áfanga. Fyrir fög sem eru eins og íslenska, stærðfræði, efnafræði og þess háttar ætti þetta að vera gagnlegt. Þetta kemur ekki í staðinn fyrir að kennarar þurfi að hafa sérstök dæmi og verkefni sem henta nemendahópi þeirra hverju sinni.

Mennta- og skólaþjónustustofa á að halda utan um skipulagða gerð rafræns námsefnis í bæði bók- og verknámsáföngum. Mikilvægt er einnig að stofnunin veiti ráðgjöf og leiðsögn við gerð þessa rafræna námsefnis.

## Sérkennarar

Hlutverk sérkennara er að gera nám nemenda sveigjanlegt fyrir öll, þar sem hindranir eru lágmarkaðar. Sérstaklega fáir sérkennarar starfa í framhaldsskólum landsins og ef þeir eru til staðar þá sinna þeir ákveðnum verkefnum og eru í fæstum tilfellum aðgengilegir almennum nemendum eða kennurum sem þurfa á ráðgjöf að halda.

**Samfella milli skólastiga:** staðan í dag er að nemendur sem hafa fengið námslegan stuðning í grunnskóla fá ekki lengur stuðning í framhaldsskóla. Vert er að hafa áhyggjur af samfelli í þeirri þjónustu sem ný Mennta- og skólaþjónustustofa á að sinna þar sem miðlæg þjónusta mun sinna leik- og grunnskóla en þjónusta í nærumhverfi mun sinna framhaldsskólanum. Samfellan er nú þegar afskaplega takmörkuð þannig að útfæra þarf þann stuðning sem stofan mun veita kennurum og nemendum á framhaldsskólastigi. Hugsa þarf stoðþjónustu sem eina heild sama hvaða braut nemandinn tilheyrir eða hvaða sérþarfir viðkomandi hefur.

### Í dag er þjónustan í margskiptum lögum og heildarsýn skortir.

Hlutverk þjónustu í nærumhverfi er m.a. að veita fræðslu og stuðning, aðstoða við skipulag kennslu, skima fyrir ýmsum frávikum, framkvæma mat, veita úrræði vegna sértækra námserfiðleika og gera einstaklingsbundnar stuðningsáætlanir. Ekki er gert ráð fyrir þessari sömu þjónustu innan miðlægrar þjónustu sem er sú þjónusta sem nær yfir framhaldsskólana. Miðað við núverandi hlutverk miðlægrar skólaþjónustu er ekki gert ráð fyrir að verkefni innan hennar sér að útbúa einstaklingsbundnar stuðningsáætlanir og því má velta fyrir sér hlutverk hverra það sé að framkvæma skimanir og framkvæma á þeim mat.

Hætt er við því að áherslan verði áfram á sérfræðiþjónustu utan skóla ef það vantar sérfræðinga inn í skólana. Gefa þarf kennurum tækifæri á að meta námslegan jafnt sem félagslegan árangur. Hver á að hafa það hlutverk í framhaldsskólunum að aðlaga námsefni að ólíkum nemendum sem þurfa fjölbreyttar leiðir til að sækja sér þekkingu?

Í framhaldsskólum landsins er nú komin inn nýr hópur nemenda sem falla á milli þess að vera nemendur með annað tungumál en íslensku og þurfa að koma sér inn í íslenskt málumhverfi ásamt því að vera með ólíkar þarfir sem þarf að koma til móts við vegna taugafjölbreytileika. Sérstakt úrræði þyrfti að vera fyrir þennan hóp nemenda þar sem sérfræðingar vinna saman að því að sinna námsþörfum þessa hóps. Með aukinni fagþekkingu innan skóla má komast nær því að tryggja þau mannréttindasjónarmið að öll fái jöfn tækifæri til náms.

Almennir nemendur þurfa aðgang að sérkennslu í framhaldsskólum en mjög þröngur hópur fær kennslu sérkennara (á starfsbrautum) og afar fáir sérkennarar starfa í framhaldsskólum. Nemendur á starfsbrautum framhaldsskóla fá oft einungis kennslu frá fagreinakennurum en hafa í grunnskóla oft fengið aðlagaða kennslu frá fagmenntuðu fólki. Þessir kennarar þurfa að geta leitað til fagmenntaðra sérfræðinga til að geta

sem best mætt félagslegum og námslegum þáttum í námi nemenda þar sem hlutverk kennara er að kenna nemendum inngildandi samfélagshugsun.

## **Náms- og starfsráðgjafar**

Í frumvarpi til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu eru náms- og starfsráðgjafar hvergi nefndir á nafn (alltaf kennarar og annað starfsfólk). Þar sem rætt er um ráðgjöf er alls staðar verið að tala um þá ráðgjöf sem mennta- og skólaþjónustustofa ætlar að veita. Það þyrfti að skoða betur hvar fjalla mætti sérstaklega um náms- og starfsráðgjöf sem og aðrar fagstéttir sem koma að málefnum barna- og ungmenna.

Í frumvarpi til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu stendur:

*Heimilt er að starfrækja á vegum Menntamálastofnunar stuðnings- og ráðgjafarteymi sem hefur það hlutverk að styðja við börn, foreldra og starfsfólk á öllum skólastigum sem hafa mikla þörf fyrir stuðning innan skóla, m.a. vegna alvarlegra atvika sem átt hafa sér stað eða eiga sér stað innan skóla. Teymið hefur sömu heimildir til vinnslu mála og fagráð eineltismála samkvæmt lögum um grunnskóla. Hinn 1. september 2023 tekur Mennta- og skólaþjónustustofa við verkefnum samkvæmt þessari grein og framkvæmir þau á grundvelli 5. gr.*

Spurning er hvort ekki þurfi líka að nefna þarna framhaldsskóla (fagráð eineltismála í framhaldsskólum). Það má líka velta fyrir sér hvort ekki þurfi að koma þarna inn að í málum sem snúa að þessum alvarlegu atvikum séu náms- og starfsráðgjafar skólanna aðaltengiliðir barna. Ef til vill á það heima í reglugerð.

Í frumvarpi til laga um mennta- og skólaþjónustu grein 5 er þörf á að nefna náms- og starfsráðgjöf og sérstaklega að gerði verði reglugerð um náms- og starfsráðgjöf.

Þegar horft verður til þess starfsfólks sem mun starfa innan nýrrar stofnunar er mjög mikilvægt að þar verði ráðinn einstaklingur sem hefur sértæka þekkingu á sviði náms- og starfsráðgjafar.

## **Starfsþróun**

Í 5. gr í frumvarpi til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu stendur að eitt af verkefnum stofnunarinnar sé að „byggja upp þekkingu og færni starfsfólks skóla, m.a. með því að styðja við, samhæfa og eftir atvikum skipuleggja starfsþróun starfsfólks skóla.“ Starfsþróun skólafólks er afar mikilvæg og það skiptir máli að standa vörð um hana óháð skólastigi. Taka skal fram í því samhengi að á sviði framhaldsskóla sé starfandi Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara (SEF). Skýra þarf hvort nefndin (SEF) komi til með að taka þátt í að byggja upp þekkingu og færni starfsfólks skóla og skipuleggja starfsþróun í samstarfi við stofnunina.

Skólamálanefnd er á þeirri skoðun að samstarf milli Mennta- og skólaþjónustustofu og SEF gæti eflt starfsþróun kennara og tryggt fjölbreytilegt úrval námskeiða, það sama á við um faggreinafélög

framhaldsskólans. Á sama tíma á eitt helstu verkefna stofnunarinnar að vera að tryggja það að kennarar hafi tækifæri á starfsþróun og námskeiðum bæði á haustönn sem og vorönn.

### **Iðn- og verkgreinar**

Skólamálanefnd er á þeirri skoðun að það er nauðsynlegt að passa uppá að tækjakostur og kennslugögn séu í lagi og á sama tíma að viðhaldi og endurnýjun tækja sé sinnt þegar það á við. Það er forsenda fyrir öryggi nemenda og einnig að fagið sé að einhverju leyti uppfært í samræmi við það sem gengur og gerist í atvinnulífni (sjá 5. gr. e-liður í „verkefni“) og (kafli 3.4 í námsgögn og verkfæri í skóla). Á nokkrum stöðum í frumvarpinu er minnst á námsgögn. Mat skólamálanefndar er að námsgögn séu einnig alls konar tækjakostur o.fl. sem tilheyrir starfsnámi og að mætti gera betri grein fyrir þessum leiðum í frumvarpinu.

### **Eldri nemendur komast ekki í nám:**

Í lið 3 greinargerðar sem heitir *Meginefni frumvarpsins* og fylgir frumvarpi til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu er ekkert minnst á eldri nemendur sem koma aftur í nám. Þau eiga kannski brotna skólagöngu að baki og þegar þau ætla sér aftur í nám (sem oft er starfsnám) þá lenda þau í vandræðum með að komast í það nám sem þau sækjast eftir. Það er mat skólamálanefndar að brýn þörf sé á því að finna leið til að hjálpa þessum nemendum að hefja skólagöngu á ný.

Í lið 5 greinargerðar sem heitir *Samráð* og fylgir frumvarpi til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu stendur á bls. 15: *Í umsögnum Alþýðusambands Íslands og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er lýst yfir áhyggjum af því að framhaldsfræðslu sé ekki gerð skil í frumvarpinu.* Nauðsynlegt er að breyta þessu og það er mat skólamálanefndar að mikilvægt sé að framhaldsfræðslunni séu gerð skil í frumvarpinu. Einnig að passað sé uppá (jafnvel skylda) að sveinsprófsnefndir séu skipaðar einhverjum frá skólunum og með kennsluréttindi. Margar sveinsprófsnefndir hafa ekki vitneskju um áfangalýsingar og hvað sé kennt í skólunum.

Virðingarfyllt,

fyrir hönd skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara



Simon Cramer Larsen

Formaður Skólamálanefndar

Til Skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara

Reykjavík 28. júní 2023

**Efni: Efling framhaldsskóla**, svar við bréfi nefndarinnar, dags. 12. júní 2023

Mál: MRN23040094

Ágæta skólamálanefnd,

Fyrir hönd stýrihóps um eflingu framhaldsskóla viljum við þakka skólamálanefndinni fyrir afar vandað og gagnlegt álit á því hvernig ný Mennta- og skólaþjónustustofa geti tryggt og eflt gæði náms, og eflt stuðning við nemendur og skólaþróun í framhaldsskólum. Að mati stýrihópsins er innlegg ykkar mikilvægt innlegg inn í umræðu og áætlanagerð um verkefni þessarar nýju stofu. Sem næstu skref leggjum við til í okkar samstarfi:

- Að stýrihópurinn megi vísa til efnisatriða ykkar álits í væntanlegri áfangaskýrslu hópsins og birta það í heild sinni í viðauka.
- Til að fylgja áliti ykkar eftir mun stýrihópurinn leggja það til við Mennta- og barnamálaráðuneytið að þeir fulltrúar sem sjá um undirbúning þessarar stofu ræði við ykkur um áframhaldandi samstarf um að skilgreina hlutverk og verkefni stofunnar í þágu framhaldsskólans.
- Við í stýrihópnum viljum mjög gjarna hafa áframhaldandi samstarf við ykkur um önnur verkefni hópsins og óskum eftir frekari viðræðum við ykkur, t.d. í ágúst nk.

Með óskum um áframhaldandi gott samstarf.

Virðingarfyllst

  
Þorsteinn Gunnarsson

Sigríður Hallgrímsdóttir



